


# *BAHÁ'U'LLÁH*



*BAHÁ'U'LLÁH*

Ávarp tekið saman af  
Alþjóðlega bahá'í samfélaginu  
Upplýsingaskrifstofunni  
New York

Copyright © 1992  
Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi  
Álfabakka 12, 109 Reykjavík


ISBN 9979-9008-2-2  
útg. 1.0  
PDF útg. 2020

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndum, prentun, hljóðritun  
eða á annan hátt, að hluta til  
eða í heild án skriflega leyfis útgefanda.

Prentsmið: G. Ben. prentstofa hf.

bahai.is

## 29. maí 1992



er ein öld liðin frá andláti Bahá'u'lláh. Sýn hans á mannkyninu sem einni þjóð og jörðinni sem einu landi var hiklaust vísað á bug af þeim leiðtogum heimsins, sem hún var boðuð fyrir meira en hundrað árum. Þessi hugsýn er nú brennipunktur mannlegra væntinga. Jafn óumflýjanlegt er hrun siðferðilegs og samfélagslegs skipulags, sem skýrt og afdráttarlaust var sagt fyrir í þessum sama boðskap.

Þetta er tilefni þessarar stuttu kynningar á lífi og verkum Bahá'u'lláh. Það er unnið að beiðni Allsherjarhúss réttvísinnar, sem gegnir forystuhlutverki í þeirri starfsemi um allan heim, sem atburðir fyrir einni öld hrundu af stað, og lýsir þeim tilfinningum trausts og fullvissu, sem bahá'íar um allan heiminn líta framtíð plánetunnar og mannkynsins.



# EFNISYFIRLIT

Bahá'u'lláh	1
Fæðing nýrrar opinberunar	4
Útlegð	8
Yfirlýsingin í Ridván-garðinum	13
„Hin óumbreytilega trú Guðs . . .“	17
Opinberun Guðs	22
„Síframsækin siðmenning . . .“	25
Dagur Guðs	29
Tilkynning til konunganna	33
Koma til Landsins helga	38
Trúin sem ljós og myrkur	42
Heimsfriður	45
„Ekki af mínum eigin vilja“	48
Sáttmáli Guðs við mannkynið	51
<i>Athugasemdir</i>	54



# BAHÁ'U'LLÁH

Nú þegar nýtt þúsundára tímabil nálgast, hefur mannkynið knýjandi þörf fyrir að öðlast skilning á eðli manns og samfélags, sem geti sameinað það. Viðbrögð manna við þessari þörf hafa á síðustu hundrað árum knúið fram hugmyndafræðilegar hamfarir, sem hafa skekið veröld okkar og virðast nú hafa runnið sitt skeið á enda. Ástríðan, sem einkenndi þessa baráttu, ber vitni um dýpt þarf-arinnar, en árangurinn er ekki uppörvandi. Því án sameiginlegrar fullvissu um stefnu og markið mannglegrar sögu er ógjörlegt að leggja grundvöll að einu heimssamfélagi, sem allur þorri mannkyns geti vottað hollustu.

Slíkum skilningi er miðlað í ritum Bahá'u'lláh, spámannsins sem uppi var á 19. öld. Vaxandi áhrif hans er eftirtektarverðasta þróunin í trúarsögu samtímans. Bahá'u'lláh<sup>1</sup> fæddist í Persíu 12. nóvember 1817 og 27 ára gamall hóf hann verk, sem smám saman hefur hrifið hugi og unnið hollustu nokkurra milljóna manna af nánast öllum kynþáttum, menningarsvæðum, stéttum og þjóðum jarðarinnar. Fyrirbrigðið á sér enga hliðstæðu í heimi samtímans og skýringa á því verður að leita í þeim þáttaskilum mannkynssögunnar, þegar öldur umbreytinga risu hæst. Því Bahá'u'lláh sagðist vera enginn annar og minni en boðberi Guðs, sendur á tímum



mannlegs þroska til að færa mannkyninu guðdómlega opinberun, sem uppfylli fyrirheit eldri trúarbragða og myndar andleg vaxtar-skilyrði fyrir sameiningu þjóða heimsins.

Þótt ekki væri annað, ættu þau áhrif sem líf og rit Bahá'u'lláh hafa þegar haft, að vekja sérstaka athygli allra sem trúa því að mannlífið sé fyrst og fremst andlegs eðlis og að framtíðarskipulag á plánetu okkar verði að taka mið af þessari hlið veruleikans. Heimildirnar liggja frammi til almennra rannsókna. Í fyrsta sinn í sögunni á mannkynið greiðan aðgang að nákvæmum og sannanlegum upplýsingum um tilurð sjálfstæðs trúarkerfis og líf höfundar þess. Jafn aðgengilegar eru heimildirnar um afsprengi þessarar trúar – vísi að nýju heimssamfélagi, sem nú þegar getur gert tilkall til að kallast fulltrúi allra þjóða og kynþátta heimsins.<sup>2</sup>

Á fyrstu áratugum þessarar aldar var þessi þróun tiltölulega lítt þekkt. Rit Bahá'u'lláh banna þá tegund yfirgangssamrar trúboðsstarfsemi, sem stunduð hefur verið til að afla trúarboðskap af ýmsu tagi fylgis víða um heim. Auk þess hefur sú áhersla, sem bahá'í samfélagið hefur lagt á stofnun grasrótarhópa víða um veröld, komið í veg fyrir myndun stórra hópa fylgjenda í einu ákveðnu landi eða þesskonar virkjun mannafla og fjármagns, sem nauðsynleg er fyrir stórátök í kynningu og almannafræðslu. Arnold Toynbee, sem fékk áhuga fyrir þessu fyrirbæri og taldi það geta verið forboða nýrra heimstrúarbragða, sagði á sjötta áratugnum, að bahá'í trúin væri þá jafn kunnug Vesturlandamönnum með miðlungsmenntun og kristindómurinn hliðstæðri stétt í Rómaveldi á annarri öld eftir Krist.<sup>3</sup>

Bahá'í samfélaginu hefur vaxið ört fiskur um hrygg í mörgum löndum og jafnframt hefur staða þess breyst mjög á síðari árum. Nú er í rauninni ekkert landsvæði í heiminum þar sem það lífsmynstur, sem Bahá'u'lláh kenndi, er ekki í þann veginn að festa rætur. Sú virðing sem félagsleg og efnahagsleg áform samfélagsins hafa smám saman unnið innan vébanda ríkisstjórna, háskólamanna og Sameinuðu þjóðanna rennir enn frekari stoðum undir nauðsyn þess að hlutlæg og alvarleg rannsókn hefjist á því hreyfiafli, sem liggur að baki þjóðfélagslegri þróun sem í meginatriðum á sér enga hliðstæðu í heimi okkar.


Engin óvissa ríkir um eðli máttarins, sem liggur til grundvallar þessari nýsköpun. Rit Bahá'u'lláh spanna vítt svið félagslegra mál-efna, allt frá jafnrétti kynþáttanna, afvopnun og jafnrétti kynjanna til málefna, sem snerta innsta líf mannsálarinnar. Mörg þessara

rita skrifaði hann með eigin hendi; önnur las hann fyrir og staðfesti. Öll hafa verið vandlega varðveitt. Í allmarga áratugi hefur kerfisbundið átak þýðinga og útgáfustarfsemi gert meginhluta þessara rita aðgengileg fólki um allan heim á meira enn átta hundruð málum.

# FÆÐING NÝRRAR OPINBERUNAR

**Æ**tlunarverk Bahá'u'lláh hófst í neðanjarðardýflissu í Teheran árið 1852. Hann fæddist inn í tigna fjölskyldu, sem gat rakið ættir sínar til hinna völdugu konunga persnesku keisarátímanna. Hann hafnaði embætti ráðherra, sem honum bauðst í persnesku stjórninni og valdi í staðinn að helga krafta sína ýmsum mannúðarverkefnum, sem snemma á fimmta áratug aldarinnar höfðu aflað honum mikils orðstírs og nafngiftarinnar „Faðir hinna fátæku.“ Forréttindatilveru Bahá'u'lláh lauk skömmu eftir 1844, þegar hann gerðist einn af helstu talsmönnum hreyfingar, sem átti eftir að breyta rás sögunnar í heimalandi hans.

Fyrri hluti 19. aldar var tími messíanskra væntinga í mörgum löndum. Einlægir trúmenn innan margra trúfélaga höfðu þungar áhyggjur af auknum áhrifum vísindalegra rannsókna og iðnvæðingar og leituðu til trúarbókmennta sinna til að reyna að skilja breytingarnar, sem gerðust með æ meiri hraða. Í Evrópu og Ameríku sannfærðust hópar á borð við Templara og Milleríta um að þeir hefðu í kristnum ritningum fundið staðfestingu á þeirri trú sinni að komið væri að endalokum sögunnar og endurkoma Jesú Krists væri í nánd. Mjög svipuð þróun átti sér stað í Miðausturlöndum,



þar sem því var trúað, að uppfylling ýmissa spádóma Kóransins og islömsku arfsagnanna væri á næsta leyti.

Lang áhrifamest þessara heimsslitahreyfinga var trúarsamfélag í Persíu, sem byggði á persónu og kenningum ungs kaupmanns frá Shíráz-borg, sem sagan þekkir undir nafninu Bábin.<sup>4</sup> Í níu ár, frá 1844 til 1853 voru Persar af öllum stéttum og stigum gripnir tilfinningum mikillar vonar og eftirvæntingar vegna tilkynningar Bábsins um að Dagur Guðs væri í nánd og að hann sjálfur væri hinn fyrirheitni í islömskum ritningum. Hann sagði, að mannkynið stæði á þröskuldi tímabils, sem mundi verða vitni að umbyltingu allra sviða mannlífsins. Ný og áður óþekkt þekkingarsvið mundu gera jafnvel börnum hins nýja tíma kleift að skara fram úr lærðustu fræðimönnum samtímans. Mannkynið væri kallað af Guði til að taka á móti þessum breytingum með því að byrja að breyta siðferðilegu og andlegu lífi sínu. Ætlunarverk hans sjálfs væri að undirbúa mannkynið undir þann atburð, sem var þungamiðja þessarar þróunar, komu mannkynsfræðarans, „þess sem Guð mun birta,“ opinberanda Guðs, sem fylgjendur allra trúarbragða biðu eftir.<sup>5</sup>

Tilkall Bábsins vakti heiftuga andstöðu múslimsku klerkastéttarinnar, sem kenndi að guðlegri opinberun hefði lokið með Múhamed og að þeir sem héldu einhverju öðru fram væru trúvillingar, sem bæri að lífláta. Fordæming þeirra á Bábnum fékk brátt stuðning persneskra yfirvalda. Þúsundir fylgjenda hinnar nýju trúar höfðu látist í hroðalegum fjöldamorðum um allt landið og Bábin var líflátinn opinberlega 9. júlí 1850<sup>6</sup>. Á öld vaxandi vestrænna áhrifa á Austurlöndum, vöktu þessir atburðir athygli og samúð í röðum áhrifamanna í Evrópu. Göfgin, sem einkenndi líf Bábsins og kenninga hans, hetjuskapur fylgjenda hans og þær vonir um gagngerar endurbætur, sem þær höfðu glætt í myrkvuðu landi höfðu haft djúpstæð áhrif á marga, allt frá Ernest Renan og Leo Tolstoy til Söru Bernhardt og de Gobineu greifa.<sup>7</sup>

Vegna þess að Bahá'u'lláh var fremstur í flokki af málsvörum Bábsins og kenninga hans, var hann handtekinn og fluttur fótgangandi í hlekkjum til Teheran. Vegna mikils persónulegs orðstírs og þjóðfélagsstöðu fjölskyldu hans var hann ekki dæmdur til dauða, eins og áhrifamenn innan konungshirðarinnar höfðu hvatt til. Í staðinn var honum varpað í dýflissuna illræmdu Síyáh-Chál, „svarta pyttinn“ svonefnda, sem var neðanjarðar í einu af yfirgefnum vatnsforðabúrum borgarinnar. Engar ákærur voru settar

fram á hendur honum. Hann og um 30 félagar hans höfðu enga möguleika á að áfrýja máli sínu og voru lokaðir inni í niðamyrkri og sora þessarar dýflissu, sem var krökk af meindýrum, í félagskap forhertra glæpamanna, sem margir biðu dauðadóms. Þung keðja var fest um háls Bahá'u'lláh, en hún var svo illræmd í röðum refsifanga, að hún hafði hlotið sitt eigið nafn. Þegar hann dó ekki strax af meðferðinni, eins og búist hafði verið við, var gerð tilraun til þess að eitra fyrir honum. Ummerki keðjunnar voru á líkama hans til dauðadags.

Aðalefni rita Bahá'u'lláh er útskýring á hinum miklu grunnstefum, sem trúarhugsuðir hafa verið uppteknir af um aldir: Guði, ætlunarverki opinberunarinnar í sögunni, innbyrðis tengslum trúarbragða heimsins, merkingu trúarinnar og grundvelli siðferðilegs myndugleika í mannlegu samfélagi. Kaflar í þessum textum fjalla náíð um andlega reynslu hans sjálfs, viðbrögð hans við kalli Guðs og samræðum við „anda Guðs,“ sem er kjarnlægur ætlunarverki hans. Aldrei áður hefur trúarsagan gefið fyrirspyrjendum tækifæri til svo opinskás fundar við fyrirbæri guðlegrar opinberunar.

Þegar Bahá'u'lláh greindi frá viðburðum æfi sinnar skömmu áður en hann dó, gaf hann stutturðu lýsingu á aðstæðunum í Sýyah-Chál:

Í fjóra mánuði vorum vér í haldi á svo andstyggilegum stað, að ekkert kemst í samjöfnuð við hann. . . . Í dýflissunni var niðamyrkur og samfangar vorir voru tæplega 150 talsins: þjófar, morðingjar og ránsmenn. Þótt þröngt væri setið var engin inngangur annar en sá, sem vér vorum leiddir í gegnum. Enginn penni getur greint frá þessum stað og engin tunga lýst þeim skelfilega fnyk sem þar ríkti. Fæstir mannanna höfðu föt eða teppi til að liggja á. Guð einn veit hvað oss féll í hlut á þessum myrka og daunilla stað!<sup>8</sup>

Á hverjum degi gengu verðirnir niður þá þrjá stiga, sem lágu til dýflissunnar, tóku einn eða fleiri félaganna og drógu þá út til lífláts. Á strætum Teheran fylltust vestrænir áhorfendur hryllingi, er þeir sáu bábi fórnarlömbin skotin úr fallbyssum, brytjuð niður með öxum og sverðum og leidd til dauða síns með logandi kerti stungin inn í opin sár á líkómum þeirra.<sup>9</sup> Það var undir þessum kringumstæðum og andspænis yfirvofandi lífláti, sem Bahá'u'lláh fékk fyrstu fyrirboðana um ætlunarverk sitt:

Eina nótt í draumi hljómuðu þessi upphöfnu orð á alla vegu: Sannlega munum vér gera þig sigursælan af sjálfum þér og penna þínum. Ver eigi hryggur sakir þess sem þér hefur fallið í skaut og óttast eigi því að þú ert óhultur. Áður en langt um líður mun Guð hefja upp fjársjóðu jarðarinnar — menn, sem munu liðsinna þér með atbeina þín sjálfs og nafns þíns, en með því hefur Guð blásið lífi í hjörtu þeirra, sem borið hafa kennsl á hann.<sup>10</sup>

Bahá'ulláh hefur lýst með sínum eigin orðum þeirri reynslu guðlegrar opinberunar, sem aðeins er greint lauslega frá í þeim frásögnum, sem til eru um líf Búddha, Mósesar, Jesú Krists og Múhameds:

Þótt nístandi þungi hlekkjanna og stækjan varnaði mér oftast svefns þá daga, sem ég var í prísundinni í Teheran, fannst mér samt á þeim fátíðu andartökum, er mér seig blundur á brá, sem eitthvað streymdi frá ennisrótum mínum yfir brjóst mitt, eins og stríður árstraumur, sem fellur á jörðina af háum fjallstindi. Af þessum sökum var eins og allir limir líkama míns stæðu í björtu báli. Á þeim stundum mælti tunga mín það, sem enginn maður fékk borið að heyra.<sup>11</sup>

## ÚTLEGÐ

**L**oks, án réttarhalda eða möguleika á áfrýjun, var Bahá'u'lláh leystur úr fangelsi og þegar í stað gerður útlægur frá heimalandi sínu. Auðæfi hans og eignir voru gerðar upptækar að geðþótta yfirvalda. Rússneski sendifulltrúinn, sem þekkti hann persónulega og hafði fylgst með bábí ofsóknunum með vaxandi skelfingu, bauð honum vernd og hæli í löndum, sem lutu yfirráðum stjórnar hans. Ef Bahá'u'lláh hefði þegið þetta boð hefði að öllum líkindum verið lögð pólitísk merking í brottför hans undir ríkjandi aðstæðum.<sup>12</sup> Ef til vill þessvegna kaus Bahá'u'lláh að fara í útlegð til nágrannalandsins Íraks, sem þá laut stjórn Tyrkjaveldis. Þessi brottrekstur var upphafið á 40 ára útlegð, fangavist og beiskum ofsóknum.

Á árunum strax eftir brottförina frá Persíu, gaf Bahá'u'lláh mestan gaum að þörfum bábí samfélagsins, sem hafði safnast saman í Bagdad. Þetta verkefni stóð honum næst sem eina virka bábí leiðtogans, sem hafði lifað af fjöldamorðin. Dauði Bábsins og missir flestra kennara og leiðbeinenda hinnar ungu trúar um sama leyti hafði dreift samfélaginu og dregið úr því kjarkinn. Þegar viðleitni hans til að safna þeim saman, sem höfðu flúið til Írak vakti afbrýði og deilur<sup>13</sup>, valdi hann sömu leið og allir boðberar Guðs á

undan honum og fór út í eyðimörkina, nánar tiltekið fjallahéruðin í Kúrdistan. Þegar hann fór á brott hafði hann ekki eins og hann sagði síðar „íhugað neina afturkomu.“ Ástæðan fyrir þessari ákvörðun var sú, að hann vildi „forðast að verða misklíðarefni meðal hinna trúföstu, tilefni sundurþykkis félögum vorum.“ Þótt þessi tvö ár væru tími mikils skorts og líkamlegs harðræðis, lýsti Bahá'u'lláh þeim sem tíma djúprar hamingju, er hann hugleiðdi boðskapinn, sem honum hafði verið falið að flytja: „Einir samneyttum vér anda vorum og gleymdum veröldinni og öllu, sem í henni er.“<sup>14</sup>

Loks samþykkti hann með mikilli tregðu og vegna þess að hann leit á það sem skyldu sína við málstað Bábsins, að verða við brýnum skilaboðum frá þeim, sem eftir voru af örvæntingarfullum hópi útлага í Bagdad. Þeir höfðu komist á snoðir um dvalarstað hans og heitið á hann að koma aftur og taka að sér forystuhlutverk í samfélagi þeirra.

Tvö mikilvægustu verkin í ritningum Bahá'u'lláh stafa frá þessum fyrsta tíma útleðarinnar, sem jafnframt var undanfari tilkynningar hans um ætlunarverk sitt árið 1863. Hið fyrsta er lítil bók, sem hann nefndi Hulin orð. Bókin er rituð í knöppu formi samantektar á siðferðilegum spakmælum og er þungamiðjan í siðaboðskap Bahá'u'lláh. Í versum, sem Bahá'u'lláh lýsir sem innsta veig andlegrar leiðsagnar, sem allir trúarhöfundar sögunnar hafi miðlað, talar rödd Guðs beint til mannsálarinnar.

Ó, sonur andans!

Kærast alls fyrir augliti mínu er réttlætið; hverf ekki frá því, ef þú þráir mig og vanræk það eigi til þess að ég megi gera þig að trúnaðarmanni mínum. Með fulltingi þess munt þú sjá með þínum eigin augum en ekki með augum annarra og þekkja af þinni eigin þekkingu en ekki þekkingu náunga þíns. Hugleið í hjarta þínu hvernig þér sæmir að vera. Vissulega er réttlætið gjöf mín til þín og tákn ástúðar minnar. Leið þér það því fyrir sjónir.

Ó, verundarsonur!

Elska mig svo að ég megi elska þig. Ef þú elskar mig ekki, getur ást mín á engan hátt náð til þín. Vit þetta, ó þjónn.

Ó, mannsönnur!

Ver ekki dapur nema vegna þess að þú ert fjarri oss. Fagna



eigi nema vegna þess að þú nálgast oss og snýrð aftur til vor ...

Ó, verundarsonur!

Voldugum höndum valds gerði ég þig og styrkum fingrum skóp ég þig, og í brjóst þér hef ég lagt kjarna ljóss míns. Ger þér þetta að góðu og leita einskis annars, því að verk mitt er fullkomið og boð mín bindandi. Treyst því og drag það ekki í efa.<sup>15</sup>

Annað meiriháttar verk, sem Bahá'u'lláh reit á þessum tíma er *Bók fullvissunnar*, gagnger útskýring á eðli og tilgangi trúarbragðanna. Í köflum, sem ekki aðeins byggja á orðum Kóransins heldur einnig og með sama auðveldleika og innsæi á Gamla og Nýja testamentinu, er boðberum Guðs lýst sem fulltrúum einnar, órofinnar þróunar: vakningar mannkynsins til andlegra og siðferðilegra möguleika sinna. Mannkyn, sem náð hefur þroska, þarf ekki lengur á líkingum og dæmisögum að halda; trúin byggir ekki á blindri fylgispekt heldur meðvitaðri þekkingu. Ekki er heldur þörf fyrir kirkjulega hástétt: sérhverjum einstaklingi á þessari nýju öld upplýsingar og menntunar hefur verið gefin skynsemi til að hlíta guðlegri leiðsögn. Prófsteyninn er einlæginn:

Enginn maður mun komast til sjávarstranda sanns skilnings nema hann snúi baki við öllu sem er á himnum og jörðu. . . Innsta merking þessara orða er sú, að þeir, sem feta stigu trúarinnar og þyrstir í vín fullvissunnar, verða að hreinsa sjálfa sig af öllu jarðnesku — eyru sín af fánýtu hjali, huga sinn af hégómlegum ímyndunum, hjörtu sín af veraldlegum ástríðum, augu sín af því sem glatast. Þeir verða að setja traust sitt á Guð, halda fast við hann og ganga á vegum hans. Þeir munu þá verðskulda dýrðarljómann frá sól himneskrar þekkingar og skilnings. . . því maðurinn getur aldrei vænst þess að öðlast þekkingu á Hinum aldýrlega. . . nema og þangað til hann hættir að líta á orð og gerðir dauðlegra manna sem mælikvarða á raunverulegan skilning og viðurkenningu á Guði og spámönnum hans.

Hugleiddu liðna tíma. Hversu margir, bæði háir og lágir, hafa ekki á öllum tímum beðið óþreyjufullir eftir birtingu Guðs í heilögum persónum hans útvöldu? . . . Og ætíð þegar hlið náðarinnar opnuðust, ský himneskrar gjafmildi

sendu regn sitt yfir mannkynið og ljós hins Ósýnilega birtist yfir sjónarrönd himnesks máttar, afneituðu þeir honum allir sem einn og sneru baki við ásjónu hans — ásjónu Guðs sjálfs . . .

Aðeins þegar lampi leitar, einlægrar viðleitni, ástríðu-fullrar þrár, brennandi ástar, hrifningar og algleymis er glæddur í hjarta leitandans og andblær ástríkis hans berst yfir sál hans, dreifist myrkur villunnar, mistur kvíða og efasemda hverfur og ljós þekkingar og fullvissu umlykur verund hans . . . Þá munu margvíslegar gjafir og yfirfljótandi náð Hins heilaga og eilífa anda miðla leitandanum nýju lífi að því marki að hann öðlast nýja sjón, nýja heyrn, nýtt hjarta og nýjan huga. . . . Er hann horfir með auga Guðs mun hann sjá í sérhverri öreind dyr, sem leiða hann til stöðu algjörrar fullvissu. Hann mun uppgötva í öllum hlutum . . . vitnisburði eilífrar opinberunar.

Þegar farvegur manssálarinnar hefur verið hreinsaður af öllum veraldlegum og tálmandi löngunum, mun hann skynja andardrátt Hins elskaða yfir ómælanlegar vegalengdir. Ilmur hans mun leiða þá til borgar fullvissunnar og þeir munu ganga inn í hana. . . .

Sú borg er ekki annað en opinberað orð Guðs á hverri öld og í hverju trúarkerfi . . . öll handleiðslan, blessunin, lærdómurinn, skilningurinn, trúin og fullvissan, sem veitt er öllu sem er á himnum og jörðu, er falið og varðveitt innan marka þessara borga.<sup>16</sup>


Enga beina tilvísun er að finna til ætlunarverks Bahá'u'lláh sjálfs, enda hafði hann ekki enn kunnert það. *Bók fullvissunnar* er öllu fremur þróttmikil útskýring á ætlunarverki Bábsins, sem dó píslarvættisdauða. Bókin hafði mikil áhrif á bábí samfélagið, en innan vébanda þess voru margir fræðimenn og fyrrverandi guðfræðistúdentar. Ástæðan var ekki síst meistaraleg tók höfundarins á islamskri hugsun og kenningum, sem koma í ljós, þegar hann sýnir fram á að tilkall Bábsins hafi uppfyllt spádóma islam. Hann hvetur bábíana til að sýna að þeir verðskuldi traustið, sem Bábinn hafði sýnt þeim og fórnir hetjanna, sem lögðu líf sitt í sölurnar fyrir málstað hans. Hann brýndi fyrir þeim að laga ekki aðeins líf sitt að guðlegum kenningum, heldur og gera samfélag sitt að fyrirmynd fyrir sundurleita íbúana í Bagdad, héraðshöfuðborg Íraks.

Þótt útlagarnir byggju við rýran kost voru þeir sem stálsettir af þessari sýn. Einn þeirra, Nabíl að nafni, sem síðar skildi eftir sig ítarlega sögu um æfi og ætlunarverk Bábsins og Bahá'u'lláh, hefur lýst brennandi andlegum ákafa þessara daga:

Marga nótt drógu tíu menn fram lífið á einni handfylli af döðlum. Enginn vissi í rauninni hver átti skóna, kuflana eða kyrtlana, sem voru í húsi þeirra. Sá sem fór á markaðstorgið gat haldið því fram, að skórnir á fótum hans, væru hans eigin skór, og sá sem gekk fyrir Bahá'u'lláh gat fullyrt, að kufl hans og kyrtillinn, sem hann gekk í, tilheyrði sér. Þeir höfðu gleymt sínum eigin nöfnum, hjórtu þeirra voru tóm af öllu öðru en aðdáun á ástvini þeirra. . . . Ó, fögnuður þessara daga, gleði og unaður þessara stunda!<sup>17</sup>

Persnesku ræðismönnunum, sem höfðu haldið að bábí „tilburðurinn“ væri á enda, sáu sér til hrellingar hvernig samfélag útlaganna efldist að virðingu og áhrifum í héraðshöfuðborg Íraks og nágrennborganna. Þar sem nokkur mikilvægustu grafhýsa shí'ah íslam voru á þessu svæði, endurnýjaði stöðugur straumur persneskra píligríma kynni sín við trú Bábsins og þeir urðu fyrir áhrifum frá henni undir hinum ákjósanlegustu kringumstæðum. Meðal þeirra virðingarmanna, sem heimsóttu Bahá'u'lláh í látlausu húsi, þar sem hann dvaldi voru prinsar konungsfjölskyldunnar. Svo hrifinn varð einn þeirra, að hann fékk þá barnslegu hugmynd að reisa eftirlíkingu af byggingunni í görðum eigin sveitaseturs, svo hann gæti upplifað aftur þann blæ andlegs hreinleika og frelsis, sem hafði snortið hann svo mjög í húsi Bahá'u'lláh. Annar prins, sem einnig var djúpt snortinn af reynslunni, sem hann varð fyrir meðan á heimsókninni stóð, sagði við vini sína að „ef allar sorgir heimsins íþyngdu hjarta mínu, finnst mér sem þær mundu allar hverfa í návist Bahá'u'lláh. Það er eins og ég hafi gengið inn í paradís. . . .“<sup>18</sup>

# YFIRLÝSINGIN Í RIDVÁN- GARÐINUM



Árið 1863 hafði Bahá'u'lláh ákveðið að tími væri til þess kominn að kynna nokkrum þeirra sem voru með honum ætlunarverkið, sem honum hafði verið falið í myrkri Síyáh-Chál.

Þessi ákvörðun kom á sama tíma og nýtt stig hófst í baráttunni gegn verkum hans, sem shí'ah klerkastéttin og fulltrúar persnesku stjórnarinnar höfðu háð af miskunnarleysi. Stjórn keisarans óttaðist að sá orðstír, sem Bahá'u'lláh var byrjaður að njóta meðal áhrifamikilla persneskra gesta til Íraks mundi glæða aftur áhuga almennings í Persíu og nauðaði í tyrkneskum stjórnvöldum um að flytja hann frá landamærunum og lengra inn í keisaraveldið. Loks lét stjórnin undan og bauð útlaganum, sem gesti sínum, að setjast að í höfuðborginni, Konstantínópel. Þótt skilaboðin væru kurteislega orðuð, var augljóst að hlýðni var krafist.<sup>19</sup>

Á þessum tíma hafði hollusta hins litla samfélags útlaga beinst að persónu Bahá'u'lláh og útskýringum hans á kenningum Bábsins. Vaxandi hópur þeirra var orðinn þess fullviss að hann talaði ekki aðeins sem málsvari Bábsins heldur af hálfu miklu stærri málstaðar – þess sem Bábin hafði sagt að færi í hönd. Þessi trú varð að veruleika síðla í apríl 1863, þegar Bahá'u'lláh kvæðið fyrir

brottför sína til Konstantínópel kallaði saman nokkra af félögum sínum í garði, sem gefið var nafnið Ridván („paradís“). Þar trúði hann þeim fyrir miðlægri staðreynd ætlunarverks síns. Þótt engin opinber tilkynning væri talin tímabær, sögðu þeir, sem viðstaddir voru þennan viðburð, á næstu fjórum árum vinum, sem þeir treystu, frá því að loforð Bábsins hefði verið efnt og að Dagur Guðs væri genginn í garð.

Ekki er vitað í smáatriðum hverjar kringumstæðurnar voru, þegar Bahá'ulláh tilkynnti litlum hópi vina guðlegt ætlunarverk sitt. Með orðum bahá'í leiðtoga, sem kunnugastur er heimildum þessara tíma, er viðburðurinn „hulinn myrkri, sem sagnfræðingum framtíðarinnar mun veitast erfitt að rjúfa.“<sup>20</sup> Eðli yfirlýsingarinnar má skilja af ýmsum tilvísunum Bahá'ulláh til ætlunarverks síns í mörgum síðari ritum sínum.

Tilgangurinn að baki allri sköpuninni er opinberun þessa æðsta og heilagasta dags, dagsins sem nefndur er dagur Guðs í bókum hans og ritningum – dagsins, sem allir spámenirnir og hinir útvöldu og heilögu hafa þráð að líta.<sup>21</sup>...

Þetta er dagurinn þegar mannkynið getur séð ásjónu og heyrt raust Hins fyrirheitna. Kall Guðs hefur gengið út og ljómi ásýndar hans hefur runnið upp yfir mennina. Það sæmir sérhverjum manni að afmá sérhvern vott ónyttjuorða af töflu hjarta síns og horfa með opnum og fordómalausum huga á tákni opinberunar hans, sannanirnar fyrir ætlunarverki hans og vegsummerki dýrðar hans.<sup>22</sup>

Bahá'ulláh leggur iðulega á það áherslu í útskýringum sínum á skilaboðum Bábsins, að fremsta áform Guðs með því opinbera vilja sinn sé að koma af stað breytingu á eðlisgerð mannkynsins — að þroska með þeim, sem viðurkenna þetta áform, þá siðferðilegu og andlegu eiginleika, sem blunda í mannlegu eðli:

Fegrið mál yðar, ó fólk, með sannsögli og skryðið sálir yðar skarti heiðarleika. Varist, ó menn, að hegða yður sviksamlega hver gegn öðrum. Verið trúnaðarmenn Guðs meðal skepna hans og tákni um örlæti hans á meðal fólks hans...<sup>23</sup>

Upplýsið og helgið hjörtu yðar; látið þau ekki saurgast af þyrnum haturs eða þistlum illgirnna. Þér dveljið í einum heimi og hafið verið skapaðir fyrir tjáningu eins Vilja. Sæll er sá sem samneytir öllum mönnum í anda eindreginnar gæsku og ástar.<sup>24</sup>

Yfirgangssöm trúboðsstarfsemi, sem áður fyrr hafði einkennt viðleitni til að útbreiða trúarlegan boðskap, er lýst óverðug á degi Guðs. Sérhver persóna sem hefur borið kennsl á opinberunina ber skylda til að deila henni með þeim sem hann heldur að leiti svara en láta síðan viðbrögðin algjörlega eftir áheyrendum sínum:

Sýnið hver öðrum umburðarlyndi og ást. Ef einhver meðal yðar skilur ekki ákveðin sannindi eða reynir að skilja þau, sýnið honum sérstaka gæsku og góðvild í samræðum yðar við hann...<sup>25</sup>


Öll skylda mannsins á þessum degi er að öðlast þann skerf af þeim gnægtum náðar, sem Guð hefur úthellt yfir hann. Því skyldi enginn festa hugann við smæð keraldsins eða stærð þess...<sup>26</sup>

Með hliðsjón af hinum blóðugu atburðum í Persíu sagði Bahá'u'lláh fylgjendum sínum ekki aðeins, að „yður væri betra að verða drepnir en að drepa aðra.“ Hann hvatti þá einnig til að sýna forðæmi og hlýða lögmætum yfirvöldum: „Í hvaða landi sem eitthvað af þessu fólki býr verður það að sýna stjórn þess lands hollustu, heiðarleika og sannsögli.“<sup>27</sup>

Aðstæðurnar við brottför Bahá'u'lláh frá Bagdad sýndu fram á mátt þessara meginreglna á áhrifaríkan hátt. Á aðeins fáeinum árum hafði hópur erlendra útlaga, sem í fyrstu höfðu vakið grunsemdir og andúð nággranna sinna, orðið einn virtasti og áhrifamesti hluti íbúanna. Þeir sáu fyrir sér með blómlegum viðskiptum; sem hópur voru þeir dádír fyrir örlæti sitt og heiðarleika; illgirnislegar dylgjur um trúarofstæki og ofbeldi, sem eljusamir persneskir sendifulltrúar og klerkastétt shí'íta hafði breitt út um þá, voru hættar að hafa áhrif á hugi almennings. 3. maí 1863, þegar hann reið út úr Bagdad ásamt þeim félögum sínum og þjónum, sem höfðu verið valdir til að fylgja honum til Konstantínópel, hafði Bahá'u'lláh unnið hugi og hjörtu íbúanna. Dagana fyrir

brottförina kom stöðugur straumur virðingarmanna, þar á meðal ríkisstjórinn sjálfur, til garðsins þar sem hann hafði tekið sér aðsetur til bráðabirgða. Margir voru langt að komnir til að votta honum virðingu sína. Sjónarvottar að brottförinni hafa lýst með hugnæmum orðum hyllingunni, sem mætti honum, tárur áhorfendanna og tilraunum tyrkneskra yfirvalda og borgaralegra forystumanna til að sýna gesti sínum heiður.<sup>28</sup>

# „HIN ÓUMBREYTILEGA TRÚ GUÐS...”



Eftir yfirlýsingu ætlunarverks síns árið 1863 byrjaði Bahá’ú’lláh að gera nánari grein fyrir stefi, sem þegar hafði verið kynnt í *Bók fullvissunnar: tengslunum milli vilja Guðs og þess þróunarferlis, sem er farvegur þeirrar andlegu og siðferðilegu möguleika, sem blunda í mannlegu eðli*. Þessar útskýringar voru þungamiðjan í ritningum hans næstu 30 árin í lífi hans. Raunveruleiki Guðs, segir hann, er og mun alltaf verða óþekktanlegur. Öll orð sem mannleg hugsun getur notað um eðli Guðs eiga aðeins við um mannlega tilveru, eru afurðir mannlegrar viðleitni og lýsa mannlegri reynslu:

Fjarri, fjarri sé dýrð þinni sú lofgjörð, sem dauðlegir menn færa þér, og það sem þeir geta sagt um þig eða eignað þér! Allar skyldur sem þú hefur ákvarðað þjónum þínum varðandi dýpstu vegsömun tignar þinnar og dýrðar, vitna aðeins um þá miskunn sem þú sýnir þeim, að þeir megi rísa til þeirrar tignarstöðu, sem er ásköpuð innstu verund þeirra, stöðu þekkingar á sínu eigin sjálfi.<sup>29</sup>

Sérhverju glöggskyggnu og upplýstu hjarta er ljóst, að



Guð, hinn óþekkjanlegi kjarni, hin guðdómlega verund, er ómælanlega hátt hafinn yfir sérhverja mannlega eigind svo sem líkamlega tilvist, uppstigningu eða niðurstigningu, framþróun eða afturför. Fjarri sé það dýrð hans, að mannleg tunga geti flutt honum verðugt lof eða mannhjartað skilið ómælisdul hans. Hann er, og mun ávallt verða, hjúpaður fornri eilífð kjarna síns og verður í veruleika sínum að eilífu hulinn augum manna...<sup>30</sup>

Það sem mannkyninu getur hlotnast með því að snúa sér til Skapara allrar tilveru eru eigindir eða eiginleikar, sem eru tengdir endurteknum opinberunum Guðs:

Þar sem dyrnar að þekkingu á Hinum aldna standa lokaðar frammi fyrir augliti allra vera, hefur uppspretta óendanlegrar náðar... látið þessa skínandi gimsteina heilagleikans stíga út úr ríkjum andans í göfugri mynd mannlegs musteris og birt þá öllum mönnum, svo að þeir megi segja veröldinni frá leyndardómum hinnar óumbreytanlegu verundar og skýra frá dul ótortímanlegs kjarna hans...<sup>31</sup>

Þessir helguðu speglar... eru allir sem einn útskýrendur hans á jörðu, sem er miðja alheimsins, kjarni hans og endanlegt markmið. Frá honum fá þeir mátt sinn og þekkingu; frá honum fá þeir yfirráð sín. Fegurð ásýnda þeirra er aðeins endurspeglun af ímynd hans og opinberun þeirra tákni um ófölnandi dýrð hans...<sup>32</sup>

Opinberanir Guðs eru ekki í eðli sínu frábrugðnar hver annarri, þótt þær breytilegu þarfir, sem þær þjóna frá einni öld til annarrar hafi kallað á einstæð viðbrögð við sérhverri þeirra:

Þessar eigindir Guðs eru ekki og hafa aldrei verið veittar sumum spámannanna og haldið frá öðrum. Nei, allir spámenn Guðs, eftirlæti hans, heilagir og útvaldir boðberar hans eru án undantekninga flytjendur nafna hans og holdtekjur eiginda hans. Munurinn er aðeins fólginni í styrkleika opinberunar þeirra og mætti ljóss þeirra...<sup>33</sup>

Nemendur trúarinnar eru varaðir við að leyfa trúarkreddum og

öðrum hleypidómum að verða þess valdandi, að þeir geri greinarmun á þeim sem Guð hefur notað sem farvegi ljóss síns:

Sýnið aðgát, ó þér sem trúið á einingu Guðs, að þér freistist ekki til að gera hinn minnsta greinarmun á opinberendum málstaðar hans eða skilja á milli tákanna sem hafa fylgt og boðað opinberun þeirra. Þetta er í sannleika merkingu guðlegrar einingar, ef þér tilheyrir þeim sem skilja og trúa þessum sannleika. Verið þess einnig fullvissir, að verk og hegðun sérhvers opinberanda Guðs og hvaðeina sem þeir kunnu að opinbera í framtíðinni er ákvarðað af Guði og er endurspeglun vilja hans og ásetnings...<sup>34</sup>

Bahá'u'lláh ber saman guðlega opinberun við komu vorsins. Sendiboðar Guðs eru ekki aðeins kennarar, þótt það sé eitt veigamesta hlutverk þeirra. Andi orða þeirra ásamt fordæmi lífs þeirra hefur fyrst og fremst mátt til að virkja mannlega áhugahvöt og stuðla þannig að varanlegum grundvallarbreytingum. Áhrif þeirra opna ný ríki skilnings og dáða:

Og þar eð engin bönd beinna samskipta geta tengt hinn eina sanna Guð við sköpun hans og engin líking er til milli hins hverfula og Hins eilífa, hins skilyrta og Hins algjöra, hefur hann ákvarðað, að á hverri öld og í sérhverju trúarkerfi verði hrein og flekklaus sál opinberuð í konungsríkjum himins og jarðar... þeir (boðberar Guðs) eru leiddir af ljósi óskekullar leiðsagnar, þeim eru falin hin ædstu yfirráð og boðið að nota innblástur orða sinna, útstreymi óskekullar miskunnar og helgandi andblæ opinberunarinnar til að hreinsa sérhvert löngunarfullt hjarta og sérhvern móttækilegan anda frá ryki og sora jarðneskra takmarkana og áhyggjuefna. Þá og aðeins þá mun trúnaðargjöf Guðs, sem falin er í veruleika mannsins, koma í ljós... og reisa fána opinberaðrar dýrðar sinnar á tindum mannhjartanna.<sup>35</sup>

Án þessarar milligöngu frá heimi Guðs verður mannlegt eðli fangi ómeðvitaðra hugmynda, hneigða og hegðunarmynsturs, sem er menningarlega skilyrt:

Er hann hafði skapað heiminn og allt sem í honum lifir

og hrærist, kaus hann (Guð) . . . að veita mannum þá einstæðu sæmd og hæfni að þekja hann og elska. Þessa hæfni verður að skoða sem frumafli og hinsta tilgang allrar sköpunarinnar. . . Yfir innsta veruleika sérhverrar skapaðrar veru hefur hann úthellt ljósi eins nafns síns og gert það að viðtakanda dýrðar einnar eigindar sinnar. Veruleika mannanna hefur hann aftur á móti gert að brennidepli fyrir ljóma allra nafna sinna og eiginda og að spegli síns eigin sjálfs. Einn allra skapaðra hluta hefur maðurinn verið útvalinn til svo mikillar hylli, svo varanlegs örhlætis.

Þessir kraftar sem . . . uppspretta himneskrar leiðsagnar hefur gætt veruleika mannsins eru þó duldir í eðli hans, líkt og loginn í kertinu og ljósið í lampanum. Veraldlegar ástríður geta myrkvæð ljóma þessara krafta líkt og rykið og sorinn, sem hylja spegilinn, geta hulið ljós sólarinnar. Það kviknar ekki sjálfkrafa á kertinu eða lampanum og spegillinn getur aldrei hreinsað sjálfan sig af soranum. Þessvegna er auðsætt að lampinn mun aldrei lýsa fyrr enn eldur hefur verið kveiktur og ef spegillinn er ekki fægður getur hann aldrei birt mynd sólarinnar né endurspeglað ljós hennar og dýrð.<sup>36</sup>

Sá tími er upp runninn, sagði Bahá'u'lláh, þegar mannkynið hefur bæði tækifæri og hæfni til að sjá öll svið andlegs þroska síns sem eina heild: „Óviðjafnanlegur er þessi dagur, því hann er sem augu liðnum öldum og árpúsundum og sem ljós í myrkri tímanna.“<sup>37</sup> Frá þessu sjónarmiði verða fylgjendur mismunandi trúarhefða að reyna að skilja það sem hann kallaði hina „óumbreytilegu trú Guðs“<sup>38</sup> og aðgreina andlegt hreyfiafl hennar frá breytilegum lögum og hugtökum, sem voru opinberuð til að mæta þörfum mannlægs samfélags á stöðugri þroskabroti:

Líta ætti á spámenn Guðs sem lækna, sem hafa það hlutverk að annast velferð heimsins og þjóða hans, svo að þeir geti með anda einingar grætt sjúkdómama, sem hrjá sundrað mannkyn. . . Ekki er að undra þótt meðferðin, sem lækningin fyrirskipar á þessum degi, sé ekki hin sama og sú sem hann fyrirskipaði áður. Hvernig gæti annað verið þegar meinsemdirnar sem hrjá hinn sjúka útheimta nýjan lækningdóm á sérhverju sjúkdómsstigi? Á sama hátt hafa spámenn Guðs í hvert sinn sem þeir hafa lýst upp veröldina með

geislum frá sól guðlegrar þekkingar, undantekningarlaust hvatt þjóðir hennar til að taka á móti ljósi Guðs með þeim hætti, sem best hæfði þörfum aldarinnar, sem þeir birtust á ...<sup>39</sup>

Ekki aðeins hjartað heldur og hugurinn verður að helga sig þessu ferli uppgötvunar. Skynsemin, sagði Bahá'u'lláh, er mesta gjöf Guðs til sálarinnar, „tákn opinberunar um . . . yfirráð Drottins.“<sup>40</sup> Aðeins með því að brjóta af sér hlekki viðtekinna kredda, hvort heldur þær spretta af trú eða efnishyggju, getur hugurinn hafið sjálfstæða könnun á tengslunum milli orðs Guðs og reynslu mannkynsins. Í slíkri leit eru fordómar mesta hindrunin: „Varið . . . ástvini hins eina sanna Guðs við að horfa of gagnrýnum augum á orð og rit manna. Látid þá heldur nálgast slík orð og rit í anda umburðarlyndis og ástríkrar samúðar.“<sup>41</sup>

## OPINBERUN GUÐS

Það sem allir fylgjendur trúarbragða heimsins eiga sameiginlegt er sú fullvissa, að sálin komist í snertingu við heim Guðs með fulltingi guðlegrar opinberunar og að það séu þessi tengsl sem gefi lífinu raunverulega merkingu. Sumir mikilvægustu kaflarnir í ritum Bahá'u'lláh fjalla ítarlega um eðli og ætlunarverk þeirra sem eru farvegir þessarar opinberunar: boðbera eða „opinberenda Guðs.“ Oft er þeim í þessum köflum líkt við hina efnislegu sól. Þótt sólin eigi vissa þætti sameiginlega með öðrum hnöttum í sólkerfinu, er hún frábrugðin þeim að því leyti að hún er uppspretta ljóss í kerfinu. Pláneturnar og tunglið endurspeglar ljósið, sem sólin gefur frá sér. Ljósið er ekki hægt aðskilja frá sólinni. Kerfið snýst um þennan miðpunkt og sérhver einstaklingur þess býr ekki aðeins að sérstakri gerð sinni heldur einnig tengslum sínum við ljós kerfisins.<sup>42</sup>

Á sama hátt, segir Bahá'u'lláh, er sá mannlegi persónuleiki, sem opinberandi Guðs og allir aðrir einstaklingar eiga sameiginlegan, ólíkir að því leyti, að persóna opinberandans getur þjónað sem farvegur eða farartæki fyrir opinberun Guðs. Tilvísanir til þessarar tvíþættu stöðu, sem t.d. eru eignaðar Kristi,<sup>43</sup> virðast mótsagnakenndar og hafa verið tilefni trúarlegrar ringulreiðar og deilna í gegnum alla söguna. Bahá'u'lláh segir um þetta mál:

Hvaðeina sem er á himni og á jörðu er hið innra beinn vitnisburður um opinberunina á eigindum og nöfnum Guðs . . . í fyllsta mæli á þetta við um manninn, sem einn af öllum sköpuðum verum hefur verið útvalinn fyrir dýrð slíkra auðkenna. Því að hann ber í sér möguleika á opinberun allra eiginda og nafna Guðs sem engar aðrar skapaðar verur hafa fengið . . . Og af öllum mönnum eru opinberendur sólar sannleikans hinir hæfustu, tignustu og ágætustu. Nei, allir aðrir menn lifa fyrir tjáningu vilja þeirra og hrærast og eiga tilvist sína undir úthellingu náðar þeirra.<sup>44</sup>

Í rás tímanna hefur fullvissa átrúendanna um að höfundur þeirra eigin trúar sé einstæður og engum öðrum líkur orðið til þess að hrinda af stað miklum bollaleggingum um eðli opinberanda Guðs. Á slíkum hugleiðingum hefur á öllum öldum verið sá mikli annmarki, að menn geta aðeins stuðst við brotakenndar og táknrænar tilvísanir til þessa máls í þeim fáu orðum höfundarins, sem komu frá honum sjálfum. Þessvegna hefur tilraunin til að kristalla ákveðna trúarskoðun í formi kreddu orðið að afli í sögunni, sem hefur sundrað í stað þess að sameina. Þrátt fyrir hina gífurlega orku, sem fer í guðfræðilega viðleitni – eða kannski vegna hennar – ríkir í dag djúpstæður ágreiningur milli múslima um hver staða Múhameðs er, milli kristinna manna um Krist og búddhista um höfund trúar sinnar. Það er deginum ljósara, að ágreiningurinn milli einstakra hópa innan einna og sömu trúarbragða hefur verið jafn harður og sá grundvallarágreiningur, sem aðskilur þessi trúarbrögð frá öðrum trúarbrögðum.

Staðhæfingar Bahá'ú'lláh um stöðu boðbera Guðs, sem koma fram hver á fætur öðrum, og það verk, sem þeir framkvæmdu í andlegri sögu mannkynsins eru því sérstaklega mikilvægar fyrir skilning á kenningum hans um einingu trúarbragðanna.

Sérhver þessara birtinga Guðs hefur tvíþætta stöðu. Ein er staða hreins afstæðis og kjarnlægrar einingar. Því er það, að ef þú nefnir þá alla einu nafni og eignar þeim sömu eigind, hefur þú ekki villst frá sannleikanum . . .

Hin er staða auðkenna og tilheyrir heimi sköpunarinnar og takmörkunum hennar. Í þessu tilliti hefur sérhver opinberandi Guðs sérstök einstaklingseinkenni, fyrirhugað ætluarverk, forákvarðaða opinberun og sérstaklega ákveðnar

takmarkanir. Sérhver þeirra nefnist mismunandi nafni, einkennist af sérstakri eigind, uppfyllir ákveðið ætlunarverk ...

Í ljósi annarrar stöðu þeirra . . . sýna þeir algjöra þjónustu, fullkomna örbirgð og sjálfsafmáun. Því sagði hann: „Ég er þjónn Guðs. Ég er aðeins maður eins og þið.“

Ef einhver hinna allt-umlykjandi birtinga Guðs segði: „Ég er Guð“ mælti hann vissulega sannleikann og á því er enginn vafi. Því með opinberun sinni, eigindum og nöfnum, er opinberun Guðs, nöfn hans og eigindir, birt í heiminum ... Og ef einhver þeirra segði: „Ég er sendiboði Guðs,“ segði hann einnig sannleikann ... Í ljósi þessa eru þeir allir ekkert annað en boðberar Hins fullkomna konungs, Hins óumbreytilega kjarna.... Og ef þeir segðu: „Við erum þjónar Guðs“ þá er það einnig augljós og ómótmælanleg staðreynd. Því þeir hafa verið birtir í stöðu fullkominnar þjónustu, þjónustu sem enginn maður getur nokkru sinni öðlast ...<sup>45</sup>

Því er það að hver svo sem orð þeirra eru, hvort sem þau eiga við ríki guðdómsins, drottunar, spámennsku, boðunar, vörslu, postuladæmis eða þjónustu, mæla þeir sannleikann án nokkurs minnsta vafa. Þessvegna verður að íhuga orðin, sem vér höfum vitnað til í þeim tilgangi að styðja rök vor, með athygli, svo að mismunandi ummæli opinberenda Hins ósýnilega og sólna heilagleikans megi hætta að valda sálinni uppnámi og huganum erfiðleikum.<sup>46</sup>

## „SÍFRAMSÆKIN SIÐMENNING...“

Í þessum tilvitnuðu versum kemur fram sjónarmið, sem lýsir áhrifamestu þáttunum í skýringum Bahá'ú'lláh á ætlunarverki opinberanda Guðs. Hann segir, að guðleg opinberun sé hreyfiafl siðmenningarinnar. Þegar hún kemur fram, virka þau umskapandi áhrif, sem hún hefur á hugi og sálir þeirra sem viðurkenna hana, eins og súrdeig í hinu nýja samfélagi, sem hægt og hægt sprettur upp af reynslu þeirra. Nýr miðpunktur hollustu verður til, sem getur unnið heilshugar fylgi þjóða af ólíkustu menningum. Hljómlist og listir grípa til tákna sem miðla miklu auðugri og þroskaðri innblæstri. Róttæk endurskilgreining hugtaka um rétt og rangt leggja grundvöll að nýrri siðaskrá um borgaralegan rétt og hegðun. Nýjar stofnanir spretta upp til þess að tjá aflvaka siðferðilegrar ábyrgðar, sem áður var vanrækt eða óþekkt. „Hann var í heiminum og heimurinn var orðinn til fyrir hann . . .“<sup>47</sup> Þegar hin nýja menning þróast í siðmenningu, erfir hún dáðir og innsæi fyrrverandi tímaskeiða í fjölda ferskra myndbreytinga. Þættir í horfnum menningum, sem ekki eru lífvænlegir, steinrenna eða eru teknir upp af jaðarhópum meðal íbúanna. Orð Guðs skapar nýja hæfni og möguleika í meðvitund einstaklingsins og mannlegum samskiptum.



Sérhvert orð sem fram gengur af munni Guðs er gætt slíku afli, að það getur blásið nýju lífi í sérhverja mannlega umgjörð . . . öll þau dásamlegu undur, sem þér eruð vitni að, hafa verið birt fyrir æðsta og upphafnasta vilja hans, undursamlegrar og ósveigjanlegrar ákvörðunar hans . . . Ekki fyrr hefur þetta geislandi orð verið talað en endurlíf-gandi kraftar þess, sem bifast innra með öllu sem skapað er, fæða af sér aðferðir og leiðir til að kalla fram slíkar listir og fullkomna þær . . . Á komandi dögum munuð þér vissulega sjá hluti, sem þér aldrei hafið heyrt um áður . . . Sérhver bókstafur sem fram gengur af munni Guðs er að sönnu móðurbókstafur og sérhvert orð, sem hann mælir, sem er uppspretta guðlegrar opinberunar, er móðurorð . . .<sup>48</sup>

Ferli guðlegra opinberanna, segir Bahá'u'lláh, er „ferli sem hefur enga byrjun og tekur aldrei enda.“<sup>49</sup> Þótt ætlunarverk sérhvers opinberanda sé takmarkað í tíma og afmarkað að umfangi, er það sé óaðskiljanlegur hluti af áframhaldandi og stighækkandi afhjúpun á valdi Guðs og vilja hans:

Íhuga með innra auga þínu samfellda röð opinberanda, sem hafa tengt birtingu Adams birtingu Bábsins. Ég ber því vitni frammi fyrir Guði, að sérhver þessara opinberanda hefur verið sendur niður með atbeina hins guðlega vilja, að hver þeirra hefur flutt sérstakan boðskap, að sérhverjum hefur verið treyst fyrir guðlega opinberaðri bók . . . Umfang opinberunarinnar, sem sérhver þeirra kenndi sig við, hefur verið forákvarðað . . .<sup>50</sup>

Þegar siðmenning á stöðugri þroskabraut hefur loks tæmt andlegt forðabúr sitt, hefst upplausn, líkt og gerist í heimi náttúrunnar. Bahá'u'lláh bendir aftur á hliðstæður í ríki náttúrunnar og ber saman þetta rof í þróun siðmenningarinnar við byrjun vetrarins. Þjóðfélagslegur stöðugleiki og siðferðisþrek minnka. Hindranir, sem menn höfðu sigrast á fyrr, eða gert að möguleikum til rannsóknna og nýrra dáða, verða óyffirstíganlegar. Trúin missir skírskotun sína og tilraunir mannanna verða æ brotakenndari og auka klofninginn í samfélaginu. Óvissan um merkingu og gildi lífsins elur af sér vaxandi áhyggjur og ringulreið. Með tilvísun til þessara aðstæðna á okkar eigin öld segir Bahá'u'lláh:

Vér skynjum glöggð hvernig mannkynið allt er umsetið miklum og ómælanlegum hörmungum. Vér sjáum það tærast upp á sjúkrabeð sínum, þjakað og vonsvikið. Þeir, sem eru ölvaðir af drambi, hafa komið á milli þess og Hins himneska óskeikula græðara. Sjáið hvernig þeir hafa flækt alla menn, og sjálfa sig líka, í net vélráða sinna. Þeir geta ekki greint orsakir sjúkdómsins og hafa enga þekkingu á læknisdómnum. Hið beina halda þeir bogið og vin sinn fjandmann.<sup>51</sup>

Þegar sérhver hinna guðlegu aflvaka hefur uppfyllt sjálfan sig, hefst þróunin að nýju. Nýr opinberandi Guðs kemur fram með fyllri mæli guðlegs innblásturs fyrir næsta stig í vakningu og siðmenningu mannkynsins.

Íhugið stundina þegar Hin æðsta birting Guðs opinberar sig mönnum. Áður enn sú stund kemur er Hin aldna verund, sem enn er óþekkt meðal manna og hefur ekki enn mælt orð Guðs, sjálfur Hinn alvísi í heimi, þar sem enginn maður fyrirfinnst sem hefur þekkt hann. Hann er að sönnu Skapari án sköpunar . . . þetta er vissulega dagurinn sem skrifað hefur verið um: „Hverjum tilheyrir ríkið á þessum degi?“ Og engin fyrirfinnst sem er reiðubúinn að svara!<sup>52</sup>

Þangað til hluti mannkynsins byrjar að viðurkenna hina nýju opinberun og ný andleg og þjóðfélagsleg viðmiðun byrjar að mótaskast, lifir fólk andlega og siðferðilega á síðustu leifum fyrri náðargjafa Guðs. Hefðbundnum verkefnum þjóðfélagsins er ýmist sinnt eða þau látin liggja; lögum er stundum hlýtt og stundum ekki; þjóðfélagslegar og pólitískar tilraunir geta blossað upp eða brugðist; en rætur trúarinnar — sem ekkert þjóðfélag getur lifað án um óákveðinn tíma — eru visnaðar. Við „lok tímanna,“ „enda heimsins“ byrja hinir andlega sinnuðu aftur að snúa sér til hinnar skapandi uppsprettu. Hversu klaufalegt eða truflandi sem þetta ferli kann að vera, hversu óheppilegir og smekklausir sem sumir valmöguleikarnir eru, er slík leit ósjálfráð viðbrögð við vitundinni um að hyljdjúp gjá hafi myndast í skipulegu lífi mannkynsins.<sup>53</sup> Bahá'u'lláh segir, að áhrif hinnar nýju opinberunar séu altæk og takmarkast ekki við líf og kenningar opinberenda Guðs, sem er

brennidepill opinberunarinnar. Þótt menn geri sér ekki grein fyrir þessum áhrifum, gegnsýra þau mannleg málefni meir og meir, birta mótsagnir í almennum ályktunum og í þjóðfélaginu og stórfleða leitina að skilningi.

Bahá'ulláh segir, að koma opinberendanna hvers á fætur öðrum sé óaðskiljanleg vídd tilverunnar og ekkert lát verði á þessari opinberun meðan líf er í heiminum. „Guð hefur sent niður boðbera sína til að taka við af Móse og Jesú og mun halda því áfram fram til þess enda, sem engan enda tekur . . .“<sup>54</sup>

## DAGUR GUÐS

**H**vern segir Bahá'u'lláh vera tilganginn með þróun mannlegrar meðvitundar? Frá sjónarhorni eilífðarinnar er takmark hennar að Guð geti séð æ skýrar endurspeglun fullkomnana sinna í spegli sköpunarinnar. Bahá'u'lláh segir:

Sérhver maður ber því vitni í sjálfum sér og af sjálfum sér í stöðu opinberanda Drottins hans, að enginn er Guð nema hann, svo að sérhver maður geti þannig fundið leið til hátinda raunveruleikans uns enginn getur hugleitt neitt mál-efni nema hann sjái Guð í því.<sup>55</sup>

Frá sjónarhóli sögunnar er markmiðið með stöðugri afturkomu guðlegra opinberanda að búa mannlega vitund undir sameiningu kynstofnsins sem einnar tegundar, eða öllu heldur einnar lífheildar, sem geti axlað ábyrgðina af sameiginlegri framtíð sinni: „Hann sem er Drottinn yðar, hinn almiskunn sami,“ segir Bahá'u'lláh, „óskar í hjarta sínu að sjá allt mannkynið sem eina sál og einn líkama.“<sup>56</sup> Ekki fyrr en mannkynið hefur viðurkennt lífræna einingu sína getur það tekist á við brýnustu verkefni sín, hvað þá þau sem framundan eru. „Velferð mannkynsins,“ segir Bahá'u'lláh, „friður þess og öryggi eru utan seilingar nema og þangað til eining

Þess er tryggilega grundvölluð.<sup>57</sup> Aðeins sameinað heimssamfélag getur miðlað börnum sínum tilfinningu þess innra öryggis, sem gefin er til kynna í einni af bænum Bahá'ú'lláh til Guðs: „Hvaða skyldu sem þú hefur ákvarðað þjónum þínum um að vegsama til hins ýtrasta tign þína og dýrð er aðeins tákn um náð þína þeim til handa, svo þeim megi verða gert kleift að rísa til þeirrar stöðu, sem veitt er þeirra innstu verund, stöðu þekkingar á sínu eigin sjálfi.“<sup>58</sup> Þótt það kunni að hljóma sem mótsögn er það aðeins með fulltingi sannrar einingar sem mannkynið getur til fulls þróað fjölbreytileika sinn og einstaklingseinkenni. Þetta er markmiðið sem ætlunarverk allra birtinga Guðs sem sagan þekkir, hefur þjónað, dagur „eins hirðis og einnar hjarðar.“<sup>59</sup> Uppfylling þess, segir Bahá'ú'lláh, er það stig siðmenningar sem mannkynið nú hefur náð.

Ein af athyglisverðustu samlíkingunum, sem hægt er að finna í ritningum Bahá'ú'lláh og Bábsins á undan honum, er samanburðurinn milli þróunar mannkynsins og lífs einstaklingsins. Mannkynið hefur gengið gegnum ýmis stig í þróun sinni sem tegundar og stigin minna á tímabil frumbersku, barnæsku og unglingsára í þroska einstaklinganna. Við upplifum nú upphaf sameiginlegs þroska okkar, gætt ýrri hæfni og tækifærum, sem við getum aðeins greint óljóst.<sup>60</sup>

Gegnt þessum bakgrunni er ekki erfitt að skilja þá áherslu sem í kenningum Bahá'ú'lláh er lögð á meginreglu einingarrinnar. Eining mannkynsins er grunnstef þeirrar aldar, sem nú blasir við, prófsteinninn, sem reyna verður með allar tillögur, sem miða að framförum mannkynsins. Það er aðeins til eitt mannkyn, segir Bahá'ú'lláh; viðtekna hugmyndir um að sérstakur kynþáttur eða samfélagshópur sé á einhvern hátt æðri öllum öðrum eiga sér enga stöð í veruleikanum. Þar eð allir sendiboðar Guðs hafa einnig þjónað sem fulltrúar eins guðlegs vilja, eru opinberanir þeirra sameiginleg arfleifið alls mannkynsins; sérhver maður á jörðinni er lögmætur erfingi allra þessara andlegu hefða. Þrákelkni í hverskonar fordómum skaðar bæði hagsmuni samfélagsins og er brot gegn vilja Guðs fyrir okkar tíma:

Ó, stríðandi þjóðir og ættkvíslir jarðarinnar! Snúið ásjónum yðar að einingunni og látið ljómann af ljósi hennar skína á yður. Safnist saman og fastráðið sakir Guðs að uppræta hvaðeina, sem veldur missætti yðar í milli . . . Enginn vafi

getur leikið á því að þjóðir jarðarinnar, hvaða kynþætti eða trúarbrögðum sem þær tilheyra, fá innblástur sinn frá einni himneskri uppsprettu og eru þegar eins Guðs. Munurinn á þeim lagaákvæðum, sem þær búa við, orsakast af mismunandi þörfum og knýjandi nauðsynjum þess tíma, er þau voru opinberuð. Öll voru þau ákvörðuð af Guði og endurspegla vilja hans og ásetning, nema fáein, sem eru afurðir mannglegra rangfærslna. Rísið upp, vopnist krafti trúarinnar og sundurmolið guði fánýtra ímyndana yðar, sáðmenn sundurlyndis á meðal yðar ...<sup>61</sup>

Meginstef einingarinnar gengur eins og rauður þráður gegnum öll rit Bahá'ulláh. „Tjaldbúð einingar hefur verið reist; lítið ekki hver á annan sem ókunnuga.“<sup>62</sup> „Samneytið fylgjendum allra trúarbragða í anda vináttu og samlyndis.“<sup>63</sup> „Þið eruð ávextir af einu tré og lauf á einni grein.“<sup>64</sup>

Um leið og mannkyninu miðar áfram á þroskabraut sinni hefur þjóðfélagsgerðin mótast. Með fjölskyldueindina og ýmsar útfærslur hennar að grundvelli hefur mannkynið þróast og árangurinn verið mismunandi: samfélög hafa verið byggð á ættflokksamtökum, kynþætti, borgríki og nú síðast þjóðinni. Í þessu stighækkandi og flókna þjóðfélagsmynstri hefur mannleg geta fundið bæði uppörvun og vettvang til þróunar, og þessi þróun hefur að sínu leyti haft í för með sér stöðugt nýjar breytingar á þjóðfélagsgerðinni. Fullþroski mannkynsins verður þessvegna að fela í sér algjöra umbreytingu á þjóðfélagsskipulaginu, sem getur náð til alls fjölbreytileika kynstofnsins og notið gagns af öllum sviðum hæfileika og innsæis, sem menningarreynsla í þúsundir ára hefur fágáð:

Þetta er dagurinn, þegar ágætustu gjöfum Guðs hefur verið úthellt yfir mennina, þegar máttugasta náð hans hefur verið veitt inn í alla hluti skapaða. Sú skylda hvílir á öllum þjóðum jarðarinnar að jafna ágreining sinn og hvílast í fullkominni einingu og friði í skugganum af tré umhyggju hans og ástríkis ... Brátt mun ríkjandi skipulagi verða vafið saman og nýtt breitt út í þess stað. Sannlega mælir Drottinn þinn sannleikann og þekkir hið dulda.<sup>65</sup>


Helsta leiðin til að breyta þjóðfélaginu og koma á heimseiningu,

segir Bahá'u'lláh, er grundvöllun réttlætis meðal manna. Þetta stef er grunntónninn í kenningum hans:

Ljós mannanna er réttlæti. Slökk það eigi með misvindi kúgunar og harðstjórnar. Tilgangur réttlætisins er að birta einingu meðal manna. Úthaf guðdómlegrar visku svellur í þessu upphafna orði og bækur heimsins geta ekki innihaldið innri merkingu þess...<sup>66</sup>

Í síðari ritum sínum gerði Bahá'u'lláh ljóst hvað þessi meginregla fyrir öld mannlegs fullþroska feldi í sér. Hann segir: „Menn og konur hafa verið og munu ávallt vera jöfn fyrir augliti Guðs.“<sup>67</sup> Framþróun siðmenningarinnar krefst þess að þjóðfélagið skipuleggi málefni sín með þeim hætti, að þessi staðreynd njóti fullrar viðurkenningar. Auðlindir jarðarinnar eru sameign alls mannkyns og tilheyra ekki neinni einni þjóð. Hin ýmsu framlög til sameiginlegrar efnahagslegrar velferðar verðskulda og eiga að fá mismunandi mikla umbun og viðurkenningu. En öfgar auðæfa og fátæktar sem hrjá flestar þjóðir jarðar, hvaða efnahagskerfi sem þær búa við, verður að nema úr gildi.

# TILKYNNING TIL KONUNGANNA



Ritningarnar, sem vitnað hefur verið í hér á undan, voru opinberaðar að mestu leyti í skugga ítrekaðra ofsókna. Skömmu eftir að útlagarnir komu til Konstantínópel varð ljóst, að sá heiður sem Bahá'u'lláh hafði verið sýndur á ferð hans frá Bagdad hafði aðeins verið stund á milli stríða. Ákvörðun tyrknesku stjórnarinnar um að flytja „bábí“ leiðtogann og féлага hans til höfuðborgar keisaraveldisins í stað þess að senda hann til einhvers fjarlægs héraðs jók á ótta fulltrúa persnesku stjórnarinnar.<sup>68</sup> Þeir óttuðust að þróun mála yrði hin sama og í Bagdad og málstaður Bahá'u'lláh gæti í þetta sinn ekki aðeins unnið samúð heldur og fylgi áhrifamanna í tyrknesku stjórninni. Persneski sendiherrann þrýsti því stöðugt á um að útlagarnir yrðu sendir til einhvers fjarlægari hluta ríkisins. Þetta rökstuddi hann með því, að nýr trúarboðskapur í höfuðborginni gæti haft pólitískar og trúarlegar afleiðingar í för með sér.

Í upphafi lagðist Tyrkjastjórn eindregið gegn þessari hugmynd. Aðalráðherrann, 'Alí Páshá, hafði gefið vestrænum diplómötum til kynna þá skoðun sína, að Bahá'u'lláh væri „maður mikillar tignar, fyrirmyndarframferðis, mikillar hófsemi og ætti skilið dýpstu virðingu.“ Kenningar hans verðskulduðu, að sögn ráðherrans „mikla virðingu“ vegna þess að þær fóru í bága við



trúaróvildina, sem ríkti á milli gyðinga, kristinna manna og músl-  
ima, sem voru þegnar Tyrkjaveldis.<sup>69</sup>

Samt sem áður óx gremjan og tortrygginn smám saman. Í höf-  
uðborg Tyrkjaveldis var pólitískt og efnahagslegt vald í höndum  
embættismanna hirðarinnar, sem með fáum undantekningum  
voru lítt eða ekki hæfir til starfs síns. Mútuþægni var ólián sem  
smurði pólitíska gangverkið og höfuðborgin virkaði eins og segull  
á hjarðir manna, sem þyrptust þangað hvaðanæva að úr ríkinu og  
frá öðrum löndum í leit að hylli og áhrifum. Þess var vænst, að  
sérhver háttsettur maður frá öðru landi eða frá skattlöndunum  
mundi, þegar hann kom til Konstantínópel, slást í hóp með þeim,  
sem leituðu bitlinga í móttökuherbergjum háttsettra embættis-  
manna og ráðherra keisarahirðarinnar. Enginn hópur hafði á sér  
verri orðstír en sundurleitur flokkur pólitískra útlaga frá Persíu,  
sem voru þekktir að slægð og samviskuleysi.

Vinirnir höfðu hvatt Bahá'u'lláh til að notfæra sér ríkjandi fjand-  
skap gegn persnesku stjórninni og samúðina sem hans eigin þján-  
ingar höfðu vakið. Þeim til hugarangurs gerði Bahá'u'lláh það ljóst  
að hann hefði enga beiðni fram að færa. Þótt nokkrir ráðherrar  
stjórnarinnar heimsóttu hann í bústaðinn, sem honum var feng-  
inn til afnota, færði hann sér það ekki í nyt. Hann sagði, að hann  
væri í Konstantínópel sem gestur soldánsins að hans boði og áhugi  
sinn takmarkaðist við andleg og siðferðileg efni.

Mörgum árum seinna, þegar persneski sendiherrann, Mírzá  
Husayn Khán, minntist skyldna sinna í höfuðborg Tyrkja og  
kvartaði um hvernig græðgi og óheiðarleiki samlanda sinna hefði  
skaðað orðstír Persíu í Konstantínópel, hyllti hann á svo hreinskil-  
inn hátt að undrum sætir það fordæmi, sem Bahá'u'lláh hafði  
getað stuttlega sett með lífi sínu og framferði.<sup>70</sup> Á þeim tíma  
hafði hann sjálfur og samstarfsmenn hans hinsvegar notað  
tækifærið til að kynna hegðun Bahá'u'lláh sem lævíska aðferð af  
hálfu útlaganna til að leyna ráðabruggi gegn almennu öryggi og  
trúarbrögðum ríkisins. Vegna þrýstings frá þessum orðrómi, tók  
tyrkneska stjórnin loks þá ákvörðun að flytja Bahá'u'lláh og fjöl-  
skyldu hans til héraðsborgarinnar Adríanópel. Þetta var gert í  
skyndingu um hávetur. Útlagarnir liðu árum saman miklar þján-  
ingar vegna slæmrar aðbúðar, skorts á hæfilegum fatnaði og öðr-  
um vistum. Það var ljóst, að þótt þeir ekki hefði framið neinn  
glæp og hefðu enga möguleika að verja sig, höfðu þeir að geðþótta  
verið gerðir ríkisfangar.

Frá sjónarmiði trúarsögunnar hafa útleððardómarnir yfir Bahá'ú'lláh frá Konstantínópel og Adrianópel athyglisverða táknræna þýðingu. Í fyrsta sinn hafði opinberandi Guðs, höfundar sjálfstæðs trúarkerfis, sinn brátt átti eftir að breiðast um alla plánetuna, farið yfir hið þrönga sund, sem aðskilur Evrópu og Asíu og stigið fæti á „Vesturlönd.“ Öll hin stóru trúarbrögðin höfðu risið upp í Asíu og lífsverk höfunda þeirra hafði takmarkast við það meginland. Með tilvísun til þeirrar staðreyndar að trúarkerfi fortíðarinnar, sérstaklega Abrahams, Krists og Múhameðs, höfðu haft mikilvægustu áhrif sín á þróun siðmenninga meðan þau breiddust í vesturátt, spáði Bahá'ú'lláh að hið sama mundi gerast á þessari nýju öld en í miklu stærra mæli: „Í austri hefur ljós opinberunar hans risið; í vestri hafa tákn yfirráða hans birst. Íhugið þetta í hjörtum yðar, ó menn . . .“<sup>71</sup>

Það er því kannski ekki undarlegt að Bahá'ú'lláh valdi þessa stund til að kunngera ætlunarverkið, sem hægt og hægt hafði unnið hollustu fylgjenda Bábsins um öll Mið austurlönd. Tilkynning hans kom í formi nokkurra yfirlýsinga, sem eru meðal merkilegustu skjala allrar trúarsögunnar. Í þeim ávarpar opinberandi Guðs „konunga og stjórnendur jarðarinnar,“ tilkynnir þeim að dagur Guðs sé risinn, vísar til þeirra ótrúlegu breytinga, sem voru að aukast að afli um allan heim og kallar þá sem trúnaðarmenn Guðs og manna til að rísa upp og þjóna ferli einingar mannkynsins. Vegna þeirrar virðingar sem þeir nutu meðal alls þorra þegna sinna og vegna þess að þeir voru flestir einvaldar, sagði hann, að það væri á þeirra valdi, að aðstoða við að koma á því sem hann nefndi „Hinn mesta frið“: heimsskipulagi sem einkenndist af einingu og væri knúið áfram af guðdómlegu réttlæti.

Nútíma lesandi á mjög erfitt með að gera sér grein fyrir þeim siðferðilega og vitsmunalega heimi, sem þessir einvaldar lifðu í fyrir einni öld. Af ævisögum þeirra og bréfaskriftum kemur í ljós að þeir voru allir með örfáum undantekningum trúmenn, gegndu forystuhlutverki í andlegu lífi þjóða sinna, oft sem æðstu menn ríkistrúarbragða og voru sannfærðir um óskeikulan sannleika Biblíunnar eða Kóransins. Flestir þeirra röktu vald sitt beint til þess guðlega myndugleika, sem vers þessara sömu ritninga eru gædd, og þeir tjáðu sig skýrt og skorinort um þetta vald. Þeir voru hinir smurðu Guðs. Spádómar um „hina síðari tíma“ og „Guðsríki“ voru ekki arfsagnir eða líkingar í þeirra augum heldur sannindi, sem allt siðferðisskipulag hvíldi á. Þeir trúðu, að þeir mundu á

hinum síðustu tímum verða kallaðir af Guði til að standa honum reikningsskil ráðsmennsku sinnar.

Bréfum Bahá'u'lláh er beint til þessa andlega heims:

Ó konungar jarðarinnar! Hann sem er yfirbjóðandi drottinn allra manna er kominn. Ríkið er Guðs, Hins alvalda verndara, Hins sjálfumnóga... Ekkert sem þér eigið getur nokkru sinni jafnast á við þessa opinberun, ef aðeins þér vissuð það.

Varist að láta hroka koma í veg fyrir að þér viðurkennið uppsprettu opinberunarinnar, að veraldlegir hlutir byrgi yður, líkt og blæja, sýn á honum, sem er Skapari himinsins...

Við réttlæti Guðs! Vér óskum þess ekki að leggja hendur á ríki yðar. Hlutverk vort er að taka og slá eign vorri á hjörtu manna...<sup>72</sup>

Vit, að hinir fátæku eru heitfé Guðs á meðal yðar. Gætið þess að bregðast ekki trausti hans, að þér beitið þá ekki órétti og farið að hætti hinna svikulu. Þér munið án nokkurs minnsta vafa verða kallaðir til að standa honum skil á heitfé hans á þeim degi, þegar vogaskálar réttvísinnar verða settar fram, daginn þegar hver og einn fær það sem hann á skilið, þegar gerðir allra manna, ríkra og fátækra, verða vegnar.

Rannsakið málstað vorn, spyrjist fyrir um það sem oss hefur fallið í hlut og dæmið af sanngirni milli vor og óvina vorra og tilheyrið þeim sem sýna náunga sínum réttvísi. Ef þér stöðvið ekki hönd kúgarans, ef þér látið undir höfuð leggjast að vernda rétt hinna fótumtroðnu, hvaða rétt hafið þér til að hreykja yður meðal manna?<sup>73</sup>

Ef þér hafið að engu ráðleggingarnar sem... vér höfum opinberað í þessari töflu, mun guðleg refsing steðja að yður úr öllum áttum og réttlátur dómur hans verður kveðinn upp yfir yður. Á þeim degi munuð þér ekki hafa neitt vald til að standa í gegn honum og munuð viðurkenna vanmátt yðar...<sup>74</sup>

Hugsjón „hins mesta friðar“ vakti engin viðbrögð frá stjórnendum 19. aldar. Þjóðernisleg sjálfupphafning og keisaralegir landvinningar áttu sér ekki aðeins málsvara meðal konunga heldur einnig þingmanna, háskólamanna, listamanna, dagblaða og stærstu trúarstofnana, sem voru áköf áróðurstæki vestrænnar yfirráðastefnu. Tillögur um þjóðfélagsbreytingar, hversu hlutlægar og hugsjónalegs eðlis sem þær voru, voru brátt bornar ofurliði af fjölda nýrra hugmyndafræða, sem hækkandi flóð kreddubundinnar efnishyggju skolaði upp. Í Austurlöndum gerði heimur múslima tilkall til einkaréttar á allri þeirri þekkingu, sem mannkyninu hefði hlotnast og myndi nokkru sinni hlotnast um Guð og sannleikann, og sökk æ dýpra í fáfræði, drunga og ólundarlegan fjandskap við mannkyn, sem hafði látið undir höfuð leggjast að viðurkenna andlega yfirburði hans.

## KOMA TIL LANDSINS HELGA

Með hliðsjón af fyrri atburðum í Bagdad virðist undarlegt, að tyrknesk yfirvöld skuli ekki hafa séð fyrir árangurinn af búsetu Bahá'u'lláh í enn einni fjölmennri héraðshöfuðborg. Innan eins árs frá komu hans til Adríanópel, vakti fangi þeirra fyrst athygli og síðan mikla aðdáun manna, sem gegndu forystuhlutverki í stjórn og menningarlífi héraðsins. Erindrekum persneska konsúlsins til hrellingar voru tveir af einlægustu aðdáendum hans Khurshíd Pásha, ríkisstjóri héraðsins, og Shaykhu'l-Islám, einn af forystumönnum sunníta. Í augum gestgjafa hans og almennings var útlaginn síðaspekingur og heilagur maður og gildi kenninga hans endurspegladist ekki aðeins í fordæminu, sem hann sýndi í sínu eigin lífi heldur einnig í þeim breytingum sem það kom til leiðar meðal þeirra fjölmörgu persnesku pílgríma sem þyrptust til þessarar fjarlægðu miðstöðvar Tyrkjaveldis til þess að heimsækja hann.<sup>75</sup>

Þessi ófyrirsjáanlega þróun sannfærði persneska sendiherrann og samstarfsmenn hans um að það væri aðeins spurning um tíma áður en bahá'í hreyfingin, sem hélt áfram að breiðast út í Persíu, hefði fest sig í sessi sem meiriháttar afl í Írak, helsta keppinauti

Persíu. Hrörlegt veldi Tyrkja hafði í gegnum alla söguna átt í höggi við innrásarheri rússneska zarsins, uppreisnarmenn meðal sinna eigin þegna og Breta og Austurríkismanna, sem sýndu Tyrkjum yfirborðskennnda samúð en gerðu ítrekaðar tilraunir til að hernema ýmis tyrknesk yfirráðasvæði og innlima þau í sín eigin samveldi. Þessar óstöðugu pólitísku aðstæður í Evrópu-héruðum Tyrklands renndu nýjum og brýnum stoðum undir röksemdir sendiherrans um að útlagarnir yrðu sendir til fjarlægrrar nýlendu, þar sem Bahá'ú'lláh gæti ekkert samband haft við áhrifahópa, hvorki tyrkneska né evrópska.

Þegar tyrkneski utanríkisráðherrann, Fu'ád Pásha, kom úr heimsókn sinni til Adríanópel virtust furðublandnar skýrslur hans um orðstírinn sem Bahá'ú'lláh naut á öllu svæðinu renna frekari stoðum undir tillögur persneska sendiherrans. Við þessar aðstæður ákvað stjórnin skyndilega að einangra gest sinn. Án viðvörunar umkringdu hermenn hús Bahá'ú'lláh snemma dag nokkurn og útlögunum var skipað að búa sig undir að fara til óþekkts ákvörðunarstaðar.

Staðurinn sem var valinn fyrir lokaútleið hans var virkisborgin Akka á strönd Landsins helga. Borgin var talin pestarbæli og illt orð fór af henni um allt keisaraveldið vegna óheilnæms loftslags. Hún var notuð sem refsinylenda af Tyrkjum til að einangra hættulega glæpamenn og ekki var við því búist að þeim yrði þar langra lífdaga auðið í fangavistinni. Bahá'ú'lláh kom þangað í ágúst 1868 með fjölskyldu sinni og hóp félagar sem höfðu verið gerðir útlægir með honum. Þeir áttu eftir að upplifa tvö ár þjáninga og harmkvæla í virkinu sjálfu og voru síðan lokaðir inni í stofufangelsi í nálægri byggingu, sem kaupmaður einn á staðnum átti. Í langan tíma sneiddu hjátrúarfullir íbúar Akka hjá útlögunum því þeir höfðu af predikunarstólum verið varaðir við „Guði Persanna,“ sem var lýst sem fjandmanni laga og reglu og útsendara guðlausra og ósiðlegra hugmynda. Nokkrir úr þessum litla hópi létust af skorti og vösbúð.<sup>76</sup>

Þegar litið er um öxl virðist það mikil kaldhæðni, að Bahá'ú'lláh skuli hafa verið sendur í útleið til Landsins helga vegna þrýstings frá kirkjulegum og borgaralegum yfirvöldum, sem vildu uppræta trúarleg áhrif hans. Palestína naut sérstakrar virðingar í hugum fylgjenda þriggja stórra eingyðistrúarbragða sem sá miðpunktur, þar sem heimar Guðs og manns mættust. Landið helga hafði þá eins og um þúsundir ára einstæðan sess í hugarheimi manna.

Aðeins nokkrum vikum fyrir komu Bahá'u'lláh sigldu leiðtogar Templara, hreyfingar þýskra mótmælenda, frá Evrópu til að stofna nýlendu við rætur Karmelfjalls, sem átti að taka á móti Kristi, sem þeir trúðu að væri í nánd. Yfir veröndum nokkurra lítilla húsa, sem þeir byggðu og sem snúa yfir flóann að fangelsi Bahá'u'lláh í Akka, er enn hægt að lesa áskriftir eins og „Der Herr ist nahe“ („Herrann er í nánd“).<sup>77</sup>

Í Akka hélt Bahá'u'lláh áfram að lesa fyrir bréf til einstakra valdhafa, en á því verki hafði hann byrjað í Adríanópel. Nokkur þeirra innihéldu varnaðarorð um dóm Guðs yfir vanrækslu þeirra og óstjórn. Áhrifamikil uppfylling þessara orða vöktu mikla almenna umræða í Austurlöndum nær. Tæplega tveimur mánuðum eftir að fangarnir komu til fangelsisborgarinnar, var Fu'ad Páshá, utanríkisráðherra Tyrkja, sem átti sinn þátt í útlegð Bahá'u'lláh með mistúlkunum sínum, sviptur embætti fyrirvaralaust og dó í Frakklandi af hjartaslagi. Atburðarinn var minnst með yfirlýsingu sem sagði fyrir bráðan brottrekstur starfsbróður hans, forsætisráðherrans Alí Páshá, valdamissi og dauða soldánsins og missi tyrkneskra yfirráðasvæða í Evrópu. Þessir atburðir dundu yfir hver á fætur öðrum.<sup>78</sup>

Í bréfi til Napóleons III. keisara var hann varaður við því, að vegna óeinlægni og valdníðslu „verður ríki þitt glundroða að bráð og veldi þitt mun líða undir lok í refsingarskyni fyrir það sem þú hefur gert . . . Hefur upphefð þín gert þig drambsamant? Við líf mitt! Það mun ekki vara . . .“<sup>79</sup> Um hina hörmulegu styrjöld milli Frakka og Prússa, sem lyktaði með því að Napóleoni III var steipt af stóli, en það átti sér stað innan eins árs frá birtingu þessarar yfirlýsingar, skrifar Alistair Horne, nútímasérfræðingur í pólitískri sögu Frakklands á 19. öld:

Sagan þekkir sennilega ekkert áhrifameira dæmi um það sem Grikkir kölluðu peripateia, hið skelfilega fall frá hæðum hrokans. Vissulega hefur engin þjóð á okkar tímum, sem lifað hefur við svo mikinn ytri glæsibrag og efnislegan auð, liðið meiri auðmýkingu á svo skömmum tíma . . .<sup>80</sup>

Aðeins nokkrum mánuðum áður enn óvæntir atburðir gerðust í Evrópu sem leiddu til þess að herir hins nýja konungsríkis Ítalíu réðust inn í páfaríkin og innlimuðu Róm, hafði Bahá'u'lláh í bréfi, sem stílað var til Píusar páfa IX, sagt: . . . „lát ríki þitt eftir konung-

unum, gakk út úr húbýlum þínum og snú ásjónu þinni til ríkisins ... Farðu að fordæmi herra þíns ... Vissulega er dagur uppskerunnar genginn í garð og allir hlutir hafa verið skildir sundur. Hann hefur geymt það sem honum þóknaðist í keröldum réttlætis og kastað í eldinn því sem eldinum hæfði ...<sup>81</sup>

Sérstaklega ógnvænleg er málsgrein í ritningum frá sama tíma, sem sá fyrir fjarlægari atburði í Þýskalandi. Stjórn Wilhelms I. Prússakonungs hafði vísitandi komið af stað styrjöld, sem leiddi til fullkomins ósigurs Frakklands og myndunar nýs Þýsks keisaraveldis. Hann fékk eftirfarandi viðvörun:

Ó, bakkar Rínar! Vér höfum séð yður hulda blóði, því að sverð hefndarinnar laust yður; og í annað sinn mun að yður koma. Og vér heyrum kvein Berlínar, þótt í dag sé dýrð hennar mikil.<sup>82</sup>


Allt annar tónn er í öðrum meiriháttar yfirlýsingum til Viktoríu drottningar<sup>83</sup> og til „stjórnenda Ameríku og forseta Lýðveldanna þar.“ Í hinu fyrra er borið lof á brautryðjendaafrek, sem framkvæmd voru með afnámi þrælahalds í öllu Bretaveldi og lofsamlegum orðum farið um þá meginreglu, sem liggur til grundvallar þingræði. Hin seinni, sem hefst með tilkynningu um dag Guðs, endar með fyrirskipun, sem á sér enga hliðstæðu í neinum hinna bréfanna: „Bindið hið brotna með höndum réttlætis og kremjið kúgarann, sem dafnar, með staf boðorða Drottins yðar, fyrirskiparans, hins alvitra.“<sup>84</sup>



## TRÚIN SEM LJÓS OG MYRKUR

Eindregnasta fordæming Bahá'u'lláh beinist gegn þeim hindrunum, sem skipulögð trúarbrögð hafa gegnum alla söguna reist milli manna og opinberanna Guðs. Kreddur, sem hafa sprottið upp af almennri hjátrú og verið mótaðar af sóuðum vitsmunum, hafa æ ofan í æ verið þrándur í götu hinnar guðlegu þróunar, sem ætíð hefur átt sér andlegan og siðferðilegan tilgang. Lögmál þjóðfélagslegra samskipta, sem hefur verið opinberað til að styrkja samfélagslífið, hefur verið gert að grundvelli torræðs kenningakerfis og framkvæmd þess hefur lagt byrðar á fjöldann, sem það átti að þjóna. Fjötrar hafa jafnvel að yfirlögðu ráði verið lagðir á beitingu vitsmunanna, sem er fremsta gjöf Guðs til mannkynsins. Afleiðingin er sú, að engin samskipti eru lengur milli trúar og vísinda, sem siðmenntað líf hvílir á.

Afleiðingarnar af þessari sorglegu þróun eru niðurlægning trúarinnar um allan heim. Og það sem verra er: skipulögð trúarbrögð hafa orðið ein helsta orsök haturs og styrjalda milli þjóða heimsins. Varnaðarorð Bahá'u'lláh hljómuðu fyrir meira enn einni öld: „Trúarofstæki og hatur er heimseyðandi eldur og ekkert getur slökkt heiftuga loga hans. Hönd guðlegs máttar getur ein saman frelsað mannkynið frá þessari hryggilegu þjáningu.“<sup>85</sup>



Bahá'u'lláh segir, að þeir sem Guð muni gera ábyrga fyrir þessum sorgarleik, séu trúarleiðtogar mannkynsins, sem hafa þóst tala fyrir hans munn gegnum söguna. Tilraunir þeirra til að slá eign sinni á orð Guðs og gera útskýringar sínar að leið til persónulegra áhrifa og upphefðar, hefur verið stærsti einstaki tálminn á vegi þróunar síðmenningarinnar. Í viðleitninni til að ná markmiðum sínum hafa margir þeirra ekki einu sinni aftrað sér að leggja hendur á boðbera Guðs, þegar þeir komu fram:

Leiðtogar trúarinnar á hverri öld hafa hindrað fólk sitt frá að ná til stranda eilífs hjálpræðis, því þeir héldu taumum myndugleika í máttugum höndum sínum. Þeir hafa orðið þess valdandi að fólkíð varð afskipt, sumir af löngun í völd, aðrir vegna skorts á þekkingu og skilningi. Með þeirra leyfi og fyrir þeirra vald hefur sérhver spámaður Guðs drukkið úr bikari fórnar...<sup>86</sup>

Í ávarpi til klerka allra trúarbragða, varar Bahá'u'lláh við ábyrgðinni, sem þeir hafa með svo skeytingarlausum hætti tekið sér í sögunni:

Þið eruð eins og uppsprettan. Ef hún breytist þá mun það einnig breytast, sem frá henni greinist. Óttist Guð og heyrið til hinum guðlegu. Og ef hjarta mannsins spillist, munu limir hans spillast líka. Og ef rætur trésins spillast munu greinar þess og teinungar og lauf þess og ávextir einnig spillast.<sup>87</sup>

Í þessum sömu yfirlýsingum, sem voru opinberaðar á tíma, þegar rétrúnaður var í hávegum hafður um allan heim, er tilkynnt að endi sé bundinn á þessu valdi og að kirkjustéttin hafi ekki neinu frekari samfélagslegu hlutverki að gegna í heimssögunni: „Ó herskari guðsmanna! Allt vald hefur verið tekið frá yður...“<sup>88</sup> Við sérstaklega hefningjarnan andstæðing í klerkastétt múslima sagði Bahá'u'lláh: „Þú ert eins og síðasti sólarglampinn á fjallstindinum. Brátt mun hann hverfa eins og ákvarðað er af Guði, honum sem allt tilheyrir, hinum hæsta. Þú og þínir líkar hafa verið sviptir dýrð ykkar...“<sup>89</sup>

Þessar yfirlýsingar beinast ekki gegn skipulagningu á trúarstarfsemi heldur misnotkun hennar. Bahá'u'lláh fer miklum viður-


kenningarorðum um framlag skipulagðra trúarbragða til siðmenn-  
ingarinnar og það gagn, sem heimurinn hefur notið af þeim  
sjálfsfórnum og ást á mannkyninu, sem hefur einkennt klerka og  
trúarreglur innan vébanda allra trúarbragðanna:

Þeir guðsmenn . . . sem í sannleika eru skryddir skarti þekk-  
ingar og góðs lundernis eru vissulega sem höfuð líkama  
heimsins og augu þjóðum hans . . .<sup>90</sup>

Skorað er á allar þjóðir, trúmenn og trúleysingja, klerka og  
leikmenn að viðurkenna afleiðingarnar af allsherjarspillingu trúar-  
legra hvata, sem nú blasa við heiminum. Í ríkjandi firringu mann-  
kynsins frá Guði á undanfarinni öld hafa tengslin, sem siðferðislíf-  
ið sjálft er háð, orðið upplausnaröflum að bráð. Náttúrulegir eigin-  
leikar hinnar skynibornu sálar, lífræn þróun og viðhald mannlegra  
gilda, hafa hvarvetna verið dæmd úr leik.

Lífsandinn í trú mannsins á Guð er að deyja út í öllum  
löndum. Ekkert nema óbrigðull læknisdómur hans getur  
nokkru sinni endurnýjað hana. Guðleysi tærir innviði  
mannlegs samfélags; hvað annað en elíxir máttugrar opin-  
berunar hans getur hreinsað og endurlífgað það? . . . Aðeins  
orð Guðs getur gert tilkall til þess að búa yfir getunni, sem  
þarf til svo mikilla og víðtækra breytinga.<sup>91</sup>

## HEIMSFRIÐUR



Í ljósi seinni atburða verða varnaðar- og hvatningarorð í ritningum Bahá'ú'lláh á þessum tíma sérstaklega áhrifarík:

Ó, þér kjörnir fulltrúar fólksins í hverju landi! . . . Lítið á heiminn sem mannlíkama, sem í upphafi var heilbrigður og fullkominn, en hefur af ýmsum ástæðum orðið fórnarlamb alvarlegra meinsemda og sjúkdóma. Ekki einn dag fékk hann ró, nei, sjúkdómurinn elnaði því hann féll í hendur fáfróðum læknum sem gáfu persónulegum ástríðum sínum lausan tauminn . . .

Vér sjáum hann á þessum degi í höndum stjórnenda, sem eru svo ölvaðir af drambi að þeir geta ekki séð skýrt hvað þeim er fyrir bestu, hvað þá heldur viðurkennt opinberun sem er jafn sérstæð og full áeggjana og þessi...<sup>92</sup>

Þetta er dagurinn, þegar jörðin mun segja frá tíðindum sínum. Illvirkjarnir eru byrði hennar, ef aðeins þér gætuð skynjað það...<sup>93</sup>

Allir menn hafa verið skapaðir til að vinna að síframsækinni siðmenningu. Hinn almáttugi ber mér vitni: Að haga sér eins og dýr merkurinnar er manningun ósæmandi. Þær dyggðir sem sæma virðuleika hans eru umburðarlyndi, miskunn, samúð og ástríki gagnvart öllum þjóðum og ættkvíslum jarðarinnar...<sup>94</sup>

Á þessari öld bærast nýtt líf hið innra með öllum þjóðum jarðar og samt hefur enginn komist að raun um orsökina né skilið tilganginn. Íhugið þjóðir Vesturlanda. Sjáið hvernig þær hafa fórnað, og fórna enn, í leit sinni að því sem er hégómlegt og lítilsvert, ótölulegum fjölda mannlífa til þess að efla það og festa í sessi...<sup>95</sup>

Hófsemi er æskileg í öllum hlutum. Ef eitthvað fer yfir mörk hófseminnar mun það reynast uppspretta ills... Einkennilegir og furðulegir hlutir eru til í jörðinni, en þeir eru huldir hugum og skilningi manna. Þessir hlutir geta breytt öllu andrúmslofti jarðarinnar og mengun frá þeim mundi reynast banvæn...<sup>96</sup>

Í seinni ritningum, þar á meðal þeim þar sem mannkynið er ávarpað í heild sinni, hvatti Bahá'u'lláh til að gerðar yrðu ráðstafanir til að koma á því sem hann nefnir „Hinn mesta frið.“ Hann sagði, að sérhvert skref í þessa átt myndi lina þjáningarnar og draga úr umrótinu, sem hann sá framundan og sem hann segir, að muni magnast stig af stigi uns þjóðir heimsins taka á móti opinberun Guðs og stofnsetja Hinn mesta frið með tilstyrk hennar:

Sá tími mun óhjákvæmilega renna upp, þegar knýjandi nauðsyn þess að halda mikla og altæka ráðstefnu verður viðurkennd um allan heim. Valdhafar og konungar jarðarinnar verða að sækja hana og er þeir taka þátt í yfirvegunum hennar skyldu þeir íhuga leiðir og aðferðir til að leggja grundvöllinn að mesta friði heimsins meðal manna. Slíkur friður útheimtir, að stórveldin fastráði í þágu friðsendar í heiminum að sættast heilum sáttum. Grípi nokkur konungur til vopna gegn öðrum skyldu allir rísa upp í sameiningu og aftra honum. Sé þessu framfylgt munu þjóðir heimsins ekki lengur þurfa á neinum vígbúnaði að halda

nema til að tryggja öryggi ríkja sinna og halda uppi innri reglu á yferráðasvæðum sínum . . . Sá dagur nálgast, þegar allar þjóðir jarðarinnar munu hafa tekið upp eitt allsherjartungumál og eitt sameiginlegt letur. Þegar þessu er náð, mun hver sú borg, sem maðurinn kemur til vera honum eins og hans eigin heimili . . . Sá er að sönnu maður, sem í dag helgar sig þjónustu við allt mannkynið . . . Þess er ekki að miklast, sem elskar ættjörð sína, heldur þess sem elskar heiminn allan. Jörðin er aðeins eitt land og mannkynið íbúar þess.<sup>97</sup>

## „EKKI AF MÍNUM EIGIN VILJA“

Í bréfi sínu til Násiri'd-Dín Sháh, stjórnanda Persíu, sem ekki inniheldur neinar ásakanir á hendur honum vegna fangelsunar hans í Síyáh-Chál né annars ranglætis, sem hann hafði beitt Bahá'u'lláh, talar hann um sitt eigið hlutverk í hinni guðlegu áætlun:

Ég var aðeins maður eins og aðrir menn, sofandi á beði mínum, þegar sjá: andblær Hins aldyrlega leið yfir mig og kenndi mér þekkingu á öllu sem hefur verið. Þetta er ekki frá mér sjálfum heldur þeim, sem er alvoldugur og alvís. Og hann bauð mér að hefja upp raust mína milli himins og jarðar og af þessum sökum féll mér það í hlut sem fékk hvern skilningsríkan mann til að gráta þungum tárnum. Þann lærdóm sem tíðkast meðal manna hef ég ekki numið og í skóla þeirra hef ekki gengið. Spyrjist fyrir í borginni, þar sem ég dvaldist, svo að þú megir ganga úr skugga um að ég tilheyri ekki þeim sem fer með rangt mál...<sup>98</sup>

Sjálfur hafði hann ekki haft frumkvæði um ætlunarverkið sem hann hafði helgað allt líf sitt, kostað líf ástkærs ungs sonar<sup>99</sup> sem

og missi allra efnislega eigna, grafið undan heilsu hans og haft í för með sér fangelsun, útlegð og illa meðferð. Hann sagði, að hann hefði „ekki sjálfviljugur“ gengið inn á þessa braut:

Haldið þér, ó menn, að ég hafi í greip minni stjórntauma endanlegs vilja og ásetnings Guðs? . . . Ef endanleg örlög trúar Guðs hefðu verið í mínum höndum, hefði ég aldrei samþykkt, ekki eitt einasta andartak, að opinbera mig yður né hefði ég leyft einu orði að falla af vörum mínum. Þessu ber Guð sannlega sjálfur vitni.<sup>100</sup>

Bahá'u'lláh hafði hlýtt skipun Guðs skilyrðislaust og var í engum vafa um ætlunarverkið, sem hann var kallaður til að hafa í mannlegri sögu. Sem opinberandi Guðs á öld uppfyllingar, er hann Hinn fyrirheitni í öllum ritningum fortíðarinnar, „þrá þjóðanna,“ „konungur dýrðarinnar.“ Gyðingdómi er hann „drottinn herskaranna,“ kristindómi endurkoma Krists, islam hin „mikla boðun,“ búddhisma „Maitreya Búddha,“ hinduisma ný holdtekja Krishna, sarabústramönnum koma Shah-Bahrám.<sup>101</sup>

Eins og opinberendur Guðs sem fóru á undan honum, er hann bæði rödd Guðs og mannlegur farvegur hans. „Þegar ég íhuga, ó Guð minn, böndin sem binda mig þér, finn ég mig knúinn til að kunngerá öllum sköpuðum hlutum: ‘Vissulega er ég Guð’; og þegar ég íhuga mitt eigið sjálfur, sjá, ég sé að það er hrjúfara en leir!“<sup>102</sup>

„Vissir menn meðal yðar,“ segir hann, „hafa sagt: ‘Hann er sá sem segist vera Guð’ Við Guð! Þetta er illkvittnislegur óhróður. Ég er aðeins þjónn Guðs, sem hef trúað á hann og tákn hans . . . Tunga mín, hjarta mitt og innri og ytri verund mín bera því vitni að enginn er Guð nema hann, að allir aðrir eru skapaðir samkvæmt skipun hans og mótaðir í samræmi við framkvæmd vilja hans . . . Ég er sá sem kunngerá hyllina, sem Guð hefur í örlæti sínu, veitt mér. Ef þetta er afbrot mitt, þá er ég vissulega fremstur í flokki brotamanna . . .“<sup>103</sup>


Rit hans grípa til margra líkinga í tilraunum sínum til að tjá mótsögnina, sem er fólgin í innsta eðli opinberunarinnar á vilja Guðs:

Ég er Hinn konunglegi fálki á armi Hins almáttka. Ég breiði út drúpandi vængi sérhvers veikburða fugls og læt hann taka flugið.<sup>104</sup>



Þetta er aðeins lauf í vindi vilja Drottins þíns, Hins almáttka, Hins allofaða. Getur það verið kyrrt, þegar ofsa-fengnir stormar blása? Nei, við hann sem er drottinn allra nafna og eiginda! Þeir feykja því hvert sem þeim lystir . . .<sup>105</sup>

# SÁTTMÁLI GUÐS VIÐ MANNKYNIÐ



Í júní 1877 var Bahá'u'lláh loks leystur úr algjörri einangrun í fangelsisborginni Akka og flutti með fjölskyldu sinni til „Mazra'ih,“ lítils búgarðs, sem var nokkrar mílur fyrir norðan borgina.<sup>106</sup> Eins og hann hafði spáð í yfirlýsingu sinni til tyrknesku stjórnarinnar, hafði 'Abdu'l-'Aziz soldáni verið velt úr sessi og myrtur í hallarbyltingu og vindar pólitískra breytinga, sem næddu yfir heiminn, voru byrjaðir að blása jafnvel inn í innstu afkima Tyrkjaveldis. Eftir tveggja ára dvöl í Mazra'ih flutti Bahá'u'lláh til Bahjí, stórs sveitaseturs, sem var umlukið gördum og sem sonur hans Abdu'l-Bahá hafði leigt fyrir hann og meðlimi stórfjölskyldu hans.<sup>107</sup> Síðustu 12 árum æfi sinnar varði hann til að opinbera ritningar um andleg og þjóðfélagsleg málefni og til að taka á mótí bahá'í pílgrímum sem komust með miklum erfiðismunum frá Persíu og öðrum löndum.

Um öll Mið-Austurlönd og Austurlönd nær var kjarni samfélagslífs farinn að mótast meðal þeirra, sem höfðu tekið á mótí boðskap hans. Þeim til leiðsagnar hafði Bahá'u'lláh opinberað kerfi laga og stofnana, sem áttu að fylgja eftir í verki meginreglum ritninga hans.<sup>108</sup> Vald var gefið ráðum, sem voru lýðræðislega

kjörin af öllu samfélaginu. Ráðstafanir voru gerðar til að útiloka möguleikana á að klerkastétt kæmi upp og meginreglur samráðg-unar og hópákvarðana voru settar.

Grundvöllur þessa kerfis var sá sáttmáli milli Guðs og manns, sem Bahá'ulláh nefndi „nýja sáttmálann.“ Það sem einkennir hið nýja þroskastig mannkyns er að í fyrsta skipti í sögunni eru menn-irrir meðvitaðir um einingu sína og um jörðina sem eitt föðurland, hversu óljós sem sú vitund annars kann að vera. Þessi vitundar-vakning opnar leið til nýrra tengsla milli Guðs og mannkyns. Ba-há'ulláh sagði, að þegar þjóðir heimsins viðurkenna þann andlega myndugleika, sem fylgir leiðsögn opinberunar Guðs fyrir þessa öld, muni þær finna í sjálfum sér siðferðilegan myndugleika, sem mannleg viðleitni ein saman hefur reynst ófær um að skapa. „Nýr kynstofn manna“<sup>109</sup> mun koma fram sem afleiðing af þessum tengslum og starfið við uppbyggingu hnattrænnar siðmenningar mun hefjast. Hlutverk bahá'í samfélagsins var að sýna fram á hvernig þessi sáttmáli gat grætt meinsemdirnar, sem aðskilja mannkynið.

Bahá'ulláh dó í Bahjí 29. maí 1892 á 76. aldursári. Þegar hann lést var málstaðurinn, sem honum hafði verið treyst fyrir 40 árum áður í myrkri dýflissunnar í Teheran, reiðubúinn til að brjótast út úr þeim löndum múhamedstrúar, þar sem hann hafði mótast, og skjóta rötum, fyrst í Ameríku og Evrópu og síðan um allan heim. Um leið og þetta gerðist varð þessi málstaður sjálfur uppfylling á loforði hins nýja sáttmála milli Guðs og manns. Því ein af öllum sjálfstæðum trúarbrögðum heims, fór bahá'í trúin og samfélag fylgjenda hennar í gegnum fyrstu vandasömu öldina í tilveru sinni með einingu sína órofna, óbugaðir af aldagamalli plágu klofnings og flokkadrátta. Reynsla þeirra ber þeirri fullvissu Bahá'ulláh mælskt vitni að mannkynið í öllum sínum fjölbreytileika getur lært að lifa og starfa sem ein þjóð í sameiginlegu heimalandi, sem er öll jörðin.

Aðeins tveimur árum fyrir dauða sinn tók Bahá'ulláh á móti einum af þeim fáu Vesturlandamönnum, sem hitti hann, og hinn eina sem færði þá reynslu í letur. Þetta gerðist í Bahjí. Gesturinn var Edward Granville Browne, efnilegur ungur Austurlandafræð-ingur frá Cambridge háskóla. Athygli hans hafði í fyrstu beinst að áhrifamikilli sögu Bábsins og hetjulegum flokki fylgjenda hans. Um fund sinn með Bahá'ulláh ritaði Browne eftirfarandi:

Þótt ég hefði óljósan grun um hvert ég væri komin og hvern ég myndi sjá (mér hafði ekki verið gert það fyllilega ljóst), liðu ein eða tvær sekúndur áður en ég varð þess var með undrun og lotningu að salurinn var ekki mannlaus. Í horninu þar sem hægindið nam við vegginn sat virðulegur og undursamlegur maður . . . Ásýnd þess sem ég horfði á get eg ekki gleymt, þótt ég geti ekki lýst henni. Þessi nístandi augu virtust lesa innsta hugskot mitt; vald og myndugleiki lýsti af þessum miklu brúnum . . . Þarflaust var að spyrja frammi fyrir hverjum ég stóð, er ég laut honum, sem nýtur ástar og virðingar, sem konungar mættu öfunda hann af og keisarar þrá án árangurs! Mild virðuleg rödd bauð mér að setjast og mælti síðan: „Lof sé Guði að þú hefur náð takmarki þínu! . . . Þú hefur komið til að sjá fanga og útlaga . . . Vér æskjum veröldinni aðeins góðs og hamingju öllum þjóðum; samt telja þeir oss upphafsmann deilna og undirróðurs, verðugan fjötra og útleðar . . . Að allar þjóðir verði ein í trú og allir menn bræður; að bönd ástúðar og einingar milli manna sona styrkist; að trúarbragða-ágreiningi linni og mismunun kynþátta hverfi úr sögunni — hvaða skaði er að þessu? . . . Þó mun þetta verða; þessar tilgangslausu deilur, þessi eyðileggjandi stríð munu líða undir lok og friðurinn mesti komast á.“<sup>110</sup>

# BAHÁ'U'LLÁH

## Athugasemdir

1. Bahá'u'lláh („Dýrð Guðs“) fæddist Husayn-'Alí. Lykilverkið um ætlunarverk Bábsins og Bahá'u'lláh er bók Shoghi Effendi *God Passes By* (Wilmette Ill.: Bahá'í Publishing Trust, 1987). Um æfi Bahá'u'lláh er fjallað í bók Hasan Balyuzi, *Bahá'u'lláh: The King of Glory* (Oxford: Georg Ronald, 1980). Náin umfjöllun er um ritningar Bahá'u'lláh í fjögurra binda verki Adib Taherzadeh, *The Revelation of Bahá'u'lláh* (Oxford: George Ronald, 1975).
2. Í *Britannica Yearbook 1988* segir, að þótt fjöldi bahá'ía í heiminum sé aðeins um 5 milljónir, sé trúin orðin hin útbreiddasta á jörðinni næst á eftir kristindómi. Í dag eru 155 bahá'í Andleg þjóðarráð í sjálfstæðum löndum og landssvæðum heimsins og meira en 17.000 kjörin ráð, sem starfa á svæðissviði. Áætlað er, að í trúnni séu fulltrúar 2.112 þjóða og þjóðabrota.
3. Arnold Toynbee, *A Study of History*, VIII bindi (London: Oxford, 1954), bls. 117.
4. Bábinn („Hlið“ eða „Dyr“) fæddist Siyyid 'Alí-Muhammad í Shiraz, 20. okt. 1819.
5. Kaflar í ritningum Bábsins sem vísa til komu „þess sem Guð mun birta“ innihalda torræðar tilvísanir til „ársins níu“ og „ársins nítján“ (þ.e. 1852 og 1893, ef reiknað er í tunglárnum frá upphafi ætlunarverks Bábsins, sem hófst 1844). Nokkrum sinnum gaf Bábinn einnig vissum fylgjenda sinna til kynna, að þeir mundu sjálfur þekkja og þjóna „þeim sem Guð mun birta.“
6. Yfirlýsing Bábsins hafði verið kunngerð í moskum og á almannafæri af ákófum hópi fylgjenda, sem margir hverjir voru ungir guðfræðistudentar. Klerkar múslima svöruðu með því að hvetja til fjöldahryðjuverka. Til allrar óhamingju gerðist þetta á sama tíma og deilur hófust um eftirmann Muhammad Sháh's, sem hafði látist um sama leyti. Leiðtogar hinnar áhrifamiklu flokksklíku, sem stóð að baki hinum barnunga konungi Nasirid-Dín Sháh beittu konunglega hernum gegn bábi fylgjendum. Hinir síðarnefndu, sem aldir voru upp í islam, og trúðu að þeir hefðu síðferðilegan rétt til að verja sig, reistu vígi og vörðu sig í bráðabirgðaskýlum og stóðust langt og blóðugt umsátur. Þegar þeir loks voru sigraðir og drepnir og Bábinn líflátinn, stöðvuðu tveir andlega vanheilir bábí unglingar keisarann á förnum vegi og skutu á hann með fuglabyssu í vanburða tilraun til að myrða hann. Það var þessi atburður sem hratt af stað verstu fjöldamorðunum á bábíunum, sem vöktu mótmæli vestrænna sendiráða. Um þetta tímabil er fjallað í bók W. Hatcher og D. Martin: *The Bahá'í Faith: The Emerging Global Religion*, (San Francisco: Harper and Row, 1985), bls. 6-32.
7. Nánar er fjallað um þessa atburði í *God Passes By*, köflum 1-5. Vestrænn áhugi á bábi hreyfingunni jókst sérstaklega eftir 1865, þegar Joseph Arthur Comte de Gobineau birti verk sitt, *Les religions et les philosophies dans l'Asie centrale* (Paris: Didier, 1865).
8. Bahá'u'lláh, *Epistle to the Son of the Wolf* (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1979), bls. 20-1.
9. Fjöldi vestrænna diplómata og hernaðarráðgjafa hafa skilið eftir sig hroðalegar lýsingar á því sem þeir sáu. Persneskum yfirvöldum bárust allmörg formleg mótmæli. Sjá Moojan Momen, *The Bábi and Bahá'í Religions, 1844-1944* (Oxford: George Ronald, 1981)

10. *Epistle*, bls. 21.
11. Sama heimild, bls. 22.
12. Ekki að ófyrirsynju gætti mikillar tortryggni í Persíu varðandi áform bresku og rússnesku stjórnanna, enda höfðu þær báðar um langan aldur hlutast til um persnesk innanríkismál.
13. Undirrót þessara vandamál var Mírzá Yahyá, yngri hálf-bróðir Bahá'u'lláh. Meðan hann var enn ungur og undir handarjaðri Bahá'u'lláh hafði Bábinn skipað hann að nafni til leiðtoga bábi samfélagsins fram til þeirrar stundar, er „Hann sem Guð mun birta“ kæmi fram á sjónarsviðið. Hann komst undir áhrifavald fyrirverandi guðfræðings, Siyyid Muhammad Isfahání, og fjarlægðist bróður sinn. Í stað þess að tjá andstöðu sína opinskátt fékk hún útrás í undirróðri, sem hafði gróf enn frekar undan siðferðisþreki útlaganna. Yahá neitaði að lokum að viðurkenna yfirlýsingu Bahá'u'lláh og átti engan þátt í þróun bahá'í trúarinnar, sem sú yfirlýsing ruddi braut.
14. Bahá'u'lláh, *The Book of Certitude* (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1985), bls. 251.
15. Bahá'u'lláh, *Hulin orð* (Reykjavík: Andlegt þjóðarráð bahá'ía, 1987), úr arabísku nr. 2 á bls. 3, úr arabísku nr. 35 á bls. 12, úr arabísku nr. 12 á bls. 6. Orðið „mann(ssonur)“ táknar „mannkyn“, nema í þeim tilfellum þar sem það er augljóst út frá samhenginu.
16. *Certitude*, bls. 3-4, bls. 195-200.
17. Vitnað til í *God Passes By*, bls. 137.
18. Tilvitnun frá Zaynu'l-'Abidín Khán, *God Passes By*, bls. 135.
19. Sjá athugasemd nr. 68 hér að neðan.
20. *God Passes By*, bls.153. Eftir árið 1863 kom orðið bahá'í kom í staðinn fyrir „bábi“ sem nafn hinnar nýju trúar og undirstrikaði þá staðreynd, að ný trúarbrögð höfðu komið fram.
21. Vitnað til í bók Shoghi Effendi, *The Advent of Divine Justice* (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1984), bls. 77.
22. Bahá'u'lláh, *Gleanings from the Writings of Bahá'u'lláh* (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1983), bls. 10-11.
23. S.h., bls. 297.
24. S.h., bls. 334.
25. S.h., bls. 8.
26. S.h., bls. 8.
27. Af þeim tveim yfirlýsingum sem 'Abdu'l-Bahá vitnar í er sú fyrri að finna í bók J. E. Esslemont, *Bahá'u'lláh og nýji tíminn*, (Reykjavík: Andlegt þjóðarráð bahá'ía 1978), bls. 174 og sú seinni í *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* (Haifa: Bahá'í World Centre, endurskoðuð útgáfa, 1982), bls. 22-3.
28. *God Passes By*, bls. 127-57, fjallar um þessa atburði.
29. *Gleanings*, bls. 4-5.
30. *Bók fullvissunnar*, bls. 98.
31. S.h., bls. 99.
32. S.h., bls. 99-100.

33. S.h., bls. 103-4.
34. *Gleanings*, bls. 59.
35. S.h., bls. 66-7.
36. S.h., bls. 65-6.
37. Vitnað til í *Advent*, bls. 79.
38. *Gleanings*, bls. 136.
39. S.h., bls. 80.
40. S.h., bls. 164.
41. S.h., bls. 329.
42. Nánari umfjöllun um þetta efni, sjá 'Abdu'l-Bahá, *Some Answered Questions* (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1970), bls. 163-201.
43. Dæmi í orðum Jesú eru „Hví kallar þú mig góðan? Aðeins einn er góður og það er guð...“ (*Matt. 19:17*); „Ég og faðirinn erum eitt.“ (*Jóh. 10:30*)
44. *Gleanings*, bls. 177-9.
45. S.h., bls. 50-5.
46. S.h., bls. 56.
47. *Nýja testamentið*, Jóh. 1:10.
48. *Gleanings*, bls. 141-2.
49. Shoghi Effendi, *The World Order of Bahá'u'lláh: Selected Letters*, (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1982), bls. 117.
50. *Gleanings*, bls. 74. Í bahá'í ritningunum er orðið „Adam“ notað á táknrænan hátt í tvenns konar merkingu. Önnur merkir framkomu mannkynsins, hin fyrsta opinberanda Guðs.
51. S.h., bls. 213.
52. S.h., bls. 151.
53. Sjá ritverk Bahá'u'lláh, *The Seven Valleys and the Four Valleys*, (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1986), bls. 6-7: „Já, þótt hinum vitra þyki smánarlegt að leita drottins drottinna í rykinu, þá sýnir það brennandi ákefð leitarinnar.“
54. *World Order*, bls. 116.
55. *Seven Valleys*, bls. 1-2.
56. *Gleanings*, bls. 214.
57. S.h., bls. 286.
58. S.h., bls. 4-5.
59. *Nýja Testamentið*, Jóh. 10:16.
60. Nánar er fjallað um kenningar Bahá'u'lláh um þroskaferli mannkyns í *World Order of Bahá'u'lláh*, bls. 162-63, 202.
61. *Gleanings*, bls. 217.
62. *Tablets*, bls. 164.
63. *Gleanings*, bls. 95.
64. *Tablets*, bls. 164.
65. *Gleanings*, bls. 6-7.

66. *Tablets*, bls. 66-7.
67. *Women* (London: Bahá'í Publishing Trust, endurskoðuð útg., 1990), bls. 21.
68. Ýmsar óvenjulegar aðstæður voru þess valdandi að yfirvöld í Konstantínópel sýndu Bahá'u'lláh sérstaka samúð og neituðu að láta undan þrýstingi frá persnesku stjórninni. Ríkisstjórnin í Bagdad, Namíq Pásha hafði í bréfi til höfuðborgarinnar farið mjög lofsamlegum orðum um skapgerð og áhrif hins tigna persneska útлага. 'Abdu'l-'Azíz soldáni fannst bréfi athyglisvert, því þótt hann væri kalífi sunníta leit hann á sig sem dulspakan leitanda. Ekki síður mikilvæg var afstaða aðalráðherra hans, 'Alí Pásha, sem þó byggði á öðrum forsendum. Hann hafði staðgöða þekkingu á persneskri tungu og bókmenntum, vildi færa tyrkneska stjórnarhætti til nútímalegs horfs og sýndi Bahá'u'lláh mikla samúð. Það var vafalaust þetta sambland samúðar og áhuga sem fékk Tyrkjastjórn til að bjóða Bahá'u'lláh til höfuðborgarinnar í stað þess að senda hann til fjarlægs landshluta eða afhenda hann persneskum yfirvöldum eins og þau höfðu hvatt til.
69. Bréf austurríska sendiherrans, von Prokesch-Osten greifa, til Comte de Gobineau, 10. jan. 1886, er birt í *The Bábí and Bahá'í Religions*, bls. 186-187.
70. *Revelation*, 2. bindi, bls. 399.
71. *Tablets*, bls. 13.
72. *Gleanings*, bls. 210-12.
73. S.h., bls. 251-2.
74. S.h., bls. 252.
75. Þessum atburðum er lýst í *Revelation*, 3. bindi, sérstaklega á bls. 296 og 331.
76. Þessari reynslu er lýst í *God Passes By*, bls. 180-9.
77. Á sjötta áratug síðustu aldar unnu tveir þýskir trúarleiðtogar, Christoph Hoffmann og Georg David Hardegg saman að stofnun „Samfélags Templara,“ sem helgaði sig því verkefni, að stofna eina eða fleiri nýlendur í Landinu helga, sem munu ryðja braut fyrir endurkomu Krists. Brautryðjendurnir yfirgáfu Þýskaland 6. ágúst 1869 og komu til Haifa 30. okt. 1868, tveimur mánuðum eftir komu Bahá'u'lláh.
78. Þeim hörmungum sem evrópski hluti Tyrklands varð fyrir í stríðinu milli Rússlands og Tyrklands, 1877-78, er lýst í III eftirmála í *King of Glory*, bls. 460-2.
79. *Epistle*, bls. 51.
80. Alistair Horne, *The Fall of Paris* (London: Macmillan, 1965), bls. 34.
81. Vitnað til í Shoghi Effendi, *The Promised Day is Come* (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1980), bls. 32-3.
82. Vitnað til í *Promised Day*, bls. 37.
83. S.h., bls. 35.
84. Vitnað til í Shoghi Effendi, *Citadel of Faith: Messages to America 1947-1957* (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1980), bls. 18-19.
85. *Epistle*, bls. 14.
86. *Certitude*, bls. 15.
87. Vitnað til í *Promised Day*, bls. 83.
88. Vitnað til í *Promised Day*, bls. 81.
89. *Epistle*, bls. 99.



90. Vitnað til í *Promised Day*, bls. 110-1.
91. *Gleanings*, bls. 200.
92. S.h., bls. 254-5.
93. S.h., bls. 40.
94. S.h., bls. 215.
95. S.h., bls. 196.
96. *Tablets*, bls. 69.
97. S.h., bls. 165-7.
98. *Epistle*, bls. 11. Setningin „Ekki af mínum eigin vilja“ kemur fyrir í sömu málgreini strax á undan útdrættinum sem vitnað er til.
99. Sonur Bahá'u'lláh, Mírzá Mihdí, 22 ára ungmenni, dó árið 1870 af slysförum vegna aðstæðnanna sem fjölskyldan bjó við í fangelsinu.
100. *Gleanings*, bls. 91.
101. *God Passes By*, bls. 94.
102. *World Order*, bls. 94-6.
103. *Gleanings*, bls. 228.
104. *Tablets*, bls. 169.
105. *Epistle*, bls. 11-12.
106. Þótt útlegðardómur 'Abdu'l-'Azíz soldáns væri aldrei formlega afturkallaður fór svo að lokum, að hann hafði ekkert gildi í augum ábyrggra pólitískra yfirvalda. Þess vegna gáfu þau til kynna, að Bahá'u'lláh gæti tekið sé bústað utan borgarveggjanna, ef honum sýndist svo.
107. Auðugur kaupmaður, Arabi sem játaði kristna trú, hafði byggt sveitasetrið, en yfirgefið það, þegar farsótt herjaði á svæðinu. Bahá'í samfélagið tók eignina fyrst á leigu, en keypti hana síðan nokkrum árum eftir andlát Bahá'u'lláh. Legstaður Bahá'u'lláh er í grafhýsi í gördum Bahjí og er nú miðdepill pílgrimsferða fyrir bahá'í heiminn.
108. Til að fá yfirlit yfir þessar kennisetningar, sjá *World Order*, bls. 143-57, og Shoghi Effendi, *Principles of Bahá'í Administration* (London: Bahá'í Publishing Trust, 1973), í heild. Ensk þýðing á grundvallarritverkinu um þetta málefni, *Kitáb-i-Aqdas* („Hin helgasta bók“), verður gefin út árið 1992, í tilefni af því að 100 ár eru þá liðin frá andláti Bahá'u'lláh.
109. *Advent*, bls. 16.
110. Edward G. Browne, *A Traveller's Narrative* (New York: Bahá'í Publishing Committee, 1930), bls. xxxix-xi.